# FRÉTTABLAÐIÐ

72. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 26. MARS 2016




# Nóg framboð

**Metfjöldi býður sig fram til embættis forseta Íslands. Hvaða fólk er þetta?** 20

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Kann bæði íslensku og rússnesku

36



## Þrjóskan reynst vel í ballettinum

26



Hvunndagshetja Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2016

24

## Veita öryggi í Draumasetri

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


LYFJA – Lífið heil

Gleðilega páska

lyfja.is

Opið alla páskana

Verslanir Lyfju í Lágmúla og Smáratorgi verða opnar frá kl. 8–24 alla páskana, einnig á páskadag.

Gleðilega páska

Opið frá 11–18



SMÁRALIND

## Veður




Í dag styttir upp suðvestan- og vestanlands, en fyrir norðan og austan verður ágætis skíðafæri með norðaustlægri átt og éljum. Frost víða 0 til 5 stig, en frostlaust um tíma S-til. SJÁ SÍÐU 40

## Íkveikjur í Fellunum




Eldur kviknaði á tveimur stöðum í Breiðholti um tvöleytið í gær. Í báðum tilvikum var kveikt í anddyri húsa, að Iðufelli 4 og Gyðufelli 10. Ekki eru taldar neinar líkur á öðru en að um íkveikju hafi verið að ræða á báðum stöðum en eldarnir kviknuðu með um mínútu millibili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Næstráðanda fyrirkomið

**BANDARÍKIN** Fjármálaráðherra og næstráðandi DAISH-samtakanna, eða Íslamska ríkisins, Abd al-Rahman Mustafa al-Qaduli, hefur verið skotinn til bana.

Frá þessu greindi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Ash Carter, á blaðamannafundi í gær. „Við vinnum markvisst að því að útrýma ríkisstjórn þeirra,“ segir Carter.

CNN greinir frá því að þyrlur fullar af sérsveitarmönnum hafi reynt að stöðva bifreið með al-Qaduli innanborðs. Þegar það tókst ekki hófst skothríð og féll leiðtoginn í henni.

„Líkt og atburðirnir í París minna atburðirnir í Brussel okkur á að við þurfum að flýta okkur að uppræta Íslamska ríkið sama hvar það starfar,“ segir Carter. – **þea**

# Segir rógsfrétt vera frá Trump

**BANDARÍKIN** Bandaríska tímaritið The National Enquirer birti í gær umfjöllun þar sem öldungadeildarþingmaðurinn Ted Cruz, sem sækist eftir útnefningu repúblikana til forsetaframboðs, er sakaður um að hafa haldið fram hjá eiginkonu sinni Heidi með fimm öðrum konum. Tímaritið hefur áður fjallað með sambærilegum hætti um golfarann Tiger Woods og stjórnmálamanninn Johns Edwards.

Cruz neitar ásökununum. „Umfjöllun National Enquirer er rusl. Þetta eru algjörar lygar. Þetta er lygaherferð gegn mér, runnin undan rifjum Donalds Trump og skósveina hans,“ sagði Cruz á blaðamannafundi í gær og kallaði Trump rottu. Tvær kvennanna sem tímaritið telur að Cruz hafi haldið við hafa einnig víðsað umfjölluninni á bug. – **þea**



**Ted Cruz, forsetaframbjóðandi í Bandaríkjunum**

# Óþarfi að teygja vinnuþrælkun yfir helgidaga

**TRÚMÁL** Víða voru verslanir og veitingastaðir opnir í gær, föstudaginn langa, en slíkt var áður bannað. Til að mynda var opið í fimm verslunum Krónunnar og á Domino's. Séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, segir óþarft að hafa opið á hátíðardögum. „Fólk á að hafa frí til að njóta þessara hátíðardaga,“ segir Geir og vísar til jóladags, páskadags og föstudagsins langa.

Geir segir neytendur vel geta búið sig undir þessa daga og birgt sig upp með því sem þá vantar. Þá segir hann gott fyrir fólk sem mannar þá vinnustaði sem opnir eru að fá frí og rétta úr sér annað slagið.

„Mér finnst þetta fyrst og fremst vera óþarfi. Þetta eru helgustu dagar ársins. Það er alveg óþarfi að vera að teygja þessa vinnuþrælkun á fólki yfir á þessa daga,“ segir Geir. – **þea**

# Dagsektarmálum fjölgað um 63 prósent

**Á síðustu árum hafa deilur foreldra vegna umgengni við börn harðnað. Ein birtingarmynd er fleiri dagsektarmál vegna tálmana hjá sýslumönnum. Nú eru 27 mál til meðferðar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.**

**VELFERÐARMÁL** Dagsektum er beitt þegar foreldrið sem barnið býr hjá hamlar hinu foreldrinu umgengni. Það foreldri sækir þá um að beitt verði dagsektum til að knýja fram umgengni.

Árið 2010 voru nítján dagsektarmál á borði Sýslumannsins í Reykjavík en þau voru 31 fjórum árum síðar. Árið 2015 voru fimmtíu mál á borði sýslumannsins en sú tala á við um allt höfuðborgarsvæðið enda voru embættin sameinuð það ár. Mál vegna dagsekta sem eru til meðferðar í dag eru 27 talsins.

Eyrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, segir alltaf reynt að ná sáttum með öðrum leiðum áður en dagsektum er beitt.

„Þegar lögð er inn beiðni um dagsektir þá er aðilum boðin sáttarmeðferð þar sem farið er yfir ágreininginn og reynt að finna leiðir til að koma málinu í betra horf.“

Ef sáttarmeðferð gengur ekki eru reynd ýmis önnur úrræði, til að mynda að sérfræðingur sé viðstaddur umgengni og hitti foreldra og barn. Ef enn gengur ekki að ná samkomulagi er kveðinn upp úrskurður um málið, hvort beitt verði dagsektum eða ekki.

Í fréttum Stöðvar 2 kom nýverið fram að feður séu þolendur í um 85 prósentum svokallaðra tálmunarmála, eða þegar foreldri hindrar umgengni, og því yfirleitt karlmenn sem leggja inn beiðni um dagsektir. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, sagði í viðtali að stundum væri um tilfinningalegt ofbeldi að ræða gagnvart börnunum sem þau gætu borið mikinn skaða af.

**Fjöldi dagsektarmála vegna umgengni**
hjá Sýslumanninum í Reykjavík 2010-2014




**30.000** krónur er hámarksupphæð dagsekta fyrir hvern dag sem líður án þess að foreldri fái að hitta barnið.

> Stundum er verið að biðja um að beita dagsektum af óverulegu tilefni og málinu lýkur fljótt eða það lognast út af.
>
> Eyrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

**163** prósenta aukning varð á dagsektarmálum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu milli 2010 og 2015.

Eyrún tekur undir að harkan hafi aukist í deilum foreldra vegna barna. Fleiri beiðnir um dagsektir séu merki um það en þótt beiðnunum fjölgi eru úrskurðir sem kvaddir eru upp af sýslumanni ekki mjög margir. „Stundum er verið að biðja um að beita dagsektum af óverulegu tilefni og málinu lýkur fljótt eða það lognast út af. Í öðrum tilfellum næst samkomulag. Það eru mjög mismunandi atvik að baki og mjög mismunandi alvarleg. Enda er hlutverk dagsekta að knýja á um umgengni en ekki bókstaflega að sekta fólk.“ **erlabjorg@frettabladid.is**




FRÁBÆR TILBOÐ!
30%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SÓFUM
OG SVEFNSÓFUM
20-30%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM DÚNSÆNGUM
20-30%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM MYRKVUNAR-
GARDÍNUM
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR LAUGARDAGINN 26.03

**TÖLUR VIKUNNAR** 19.03.2016 TIL 25.03.2016

**60%**
**af bílaflota**
okkar verða rafbílar árið 2050, segir ný raforkuspá.

**2.477**
**ÍSLENDINGAR**
eru á hvern útskrifaðan lögfræðing í landinu.

**8**
**ÍSLENDINGAR**
vinna fyrir Ikea sem hönnuðir fyrir jólavertíðina 2017.

**822.000**
eru meðalmánaðarlaun karla í fjármálafyrirtækjum, en **609.000** hjá konum.

**500**
**FERMETRAR**
af skrifstofurým Landspítalans við Hringbraut eru í gámum.

**53**
**MILLJÓNIR**
myndi það kosta borgina á ári að fjölga borgarfulltrúum úr 15 í 23.

**17**
**af 420**
kílómetra vegakerfi sínu ætla borgaryfirvöld að malbika í sumar.

## Þrjú í fréttum
## Hlaupari, Silíkondalur og forsætisráðherra

**Aníta Hinriksdóttir**



hafnaði í fimmta sæti í 800 metra hlaupi á HM innanhúss sem haldið var í Portland í Bandaríkjunum. Hún náði einnig fimmta sæti á EM innanhúss í fyrra. Aníta hljóp á 2:2,58 mínútum. Aníta er fimmti Íslendingurinn sem kemst í hóp fimm bestu í 30 ára sögu HM í frjálsum innanhúss.

**Þór Sigfússon**
*stofnandi Sjávarklasans*



vill stofna Silíkondal sjávarútvegsins á Íslandi í því skyni að auka nýtingu sjávarafurða. Það er mat Þórs að lykillinn að farsælli framtíð sé að ungt fólk vilji taka þátt í greininni. Gaman sé að sjá ný fyrirtæki verða til í tækninni.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
*forsætisráðherra*



segist engar siðareglur hafa brotið í starfi sínu sem forsætisráðherra þegar hann greindi ekki frá aflandsfélagi eiginkonu sinnar, Wintris. Sigmundur Davíð var í forsíðuviðtali í Fréttablaðinu á fimmtudag, skírdag, og svaraði þar í fyrsta sinn spurningum varðandi meintan hagsmunaárekstur. Hann segir engan þingmann hafa skráð eignir maka í hagsmunaskráningu enda sé ekki til þess ætlast.

# Fleiri árásir voru í bígerð

Fjöldi manns hefur verið handtekinn í Belgíu, Frakklandi og Þýskalandi í tengslum við rannsókn lögreglu á árásunum í Brussel fyrr í vikunni. Einn var tekinn með sprengibúnað á sporvagnsstöð í Brussel.

**BELGÍA** Tólf manns, grunaðir um aðild að hryðjuverkunum í Brussel og París, hafa síðan á fimmtudag verið handteknir. Níu í Brussel, tveir í Þýskalandi og einn í Frakklandi.

Ljóst þykir orðið að árásirnar í París í nóvember og árásirnar í Brussel nú í vikunni hafi verið skipulagðar og framkvæmdar af sama hópnum, af mönnum sem flestir hafa alist upp í Brussel eða verið með tengsl þangað. Þá hefur verið upplýst að í tengslum við handtökurnar í gær og á fimmtudag hafi lögreglunni í Belgíu og Frakklandi tekist að koma í veg fyrir nýja árás, sem til stóð að gera í París á næstunni.

François Hollande Frakklandsforseti sagði í gær að þar með hefði hryðjuverkahópurinn, sem stóð að árásunum í París í nóvember og í Brussel nú í vikunni, verið tekinn úr umferð. Hins vegar væri enn hætta á ferðum. „Við vitum að það eru fleiri hópar,“ sagði hann.

Sprengingar heyrðust þegar lögreglan í Brussel lét til skarar skríða við sporvagnsstöð nálægt Meiser-torgi í Schaarbeek-hverfi borgarinnar í gær. Einn særðist þegar lögregla skaut á hann. Hann var með bakpoka sem reyndist innihalda sprengibúnað, og tókst að leggja hann yfir sporvagnsteinana. Sprengjunni var eytt.

Þá er komið í ljós að lögreglu í Belgíu bárust fyrir nokkrum mánuðum gögn um Salah Abdeslam, sem hefðu getað leitt til handtöku hans.

Hann var samt ekki handtekinn fyrr en föstudaginn 18. mars, fyrir rúmri viku. Fjórum dögum síðar gerðu þrír félagar hans sjálfsvígsárásir á Zaventem-flugvellinum í Brussel og Maelbeek-lestarstöðinni. Sprengingarnar kostuðu 31 mann lífið.

Abdeslam var samvinnuþýður í yfirheyrslum fram að árásunum á þriðjudag. Eftir það hefur hann engar upplýsingar viljað gefa, að því er Koen Geens dómsmálaráðherra segir.



Sprengjueyðingarsveit lögreglunnar í Brussel vinnur að því að eyðileggja sprengibúnað í bakpoka á sporvagnsstöð skammt frá Meiser-torgi. NORDICPHOTOS/AFP

Geens viðurkenndi á fimmtudag að lögreglan hefði gert mistök með því að handtaka ekki Ibrahim el Bakraoui þegar upplýsingar um hann bárust í júní í fyrra frá lögreglunni í Tyrklandi. Hann hafði verið handtekinn þar, grunaður um að hafa barist með Íslamska ríkinu í Sýrlandi, og verið sendur til Belgíu.

Nú er einnig komið í ljós að Najim Laachraoui hvarf ekki af vettvangi árásarinnar á flugvellinum á þriðjudag, eins og yfirvöld héldu fram í fyrstu, heldur sprengdi hann sig þar ásamt öðrum Bakraoui-bróðurnum.

gudsteinn@frettabladid.is



Sjálfsvígsárásarmennirnir á flugvellinum í Brussel á þriðjudag. Sá ljósklæddi með húfuna hefur ekki verið nafngreindur, en skildi sprengju sína eftir og komst undan. Hinir tveir sprengdu sig. NORDICPHOTOS/AFP






# Ekkert vesen á nýju vélinni

**SAMGÖNGUR** Rekstur fyrstu Bombardier Q400 flugvélar Flugfélags Íslands gengur vel, að sögn framkvæmdastjórans, Árna Gunnarssonar. Fyrr í mánuðinum þurfti að lenda vélinni á Keflavíkurflugvelli í stað Reykjavíkurflugvallar vegna bilunar í vængbörðum en að öðru leyti segir Árni hafa gengið ágætlega.

„Við höfum ekki lent í miklum seinkunum út af henni. Það var aðeins fyrst, dagana í kringum lendinguna í Keflavík, en ekki verið neitt um það undanfarið,“ segir Árni.

Flugvélin er sú fyrsta sinnar gerðar sem Flugfélag Íslands tekur í notkun, en von er á tveimur öðrum, annarri um miðjan apríl og hinni í maí.

Flugvélarnar sem um ræðir voru kyrrsettar af flugfélaginu SAS árið 2007 vegna galla í lendingarbúnaði. „Það kom fram að það hefði verið ákveðinn galli í lendingarbúnaði við framleiðslu, en Goodyear framleiðir búnaðinn. Hann var þá lagaður og það hefur ekki komið neitt sambærilegt upp síðan og ekki neitt vesen verið í tengslum við hann síðan þá. Það er ekkert sem við höfum áhyggjur af,“ segir Árni og bendir á að um 450 sams konar vélar séu í notkun í heiminum, meðal annars í Noregi og á Bretlandi. **– þea**




Bombardier Q400 flugvélin yfir Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við höfum ekki lent í miklum seinkunum út af henni. Það var aðeins fyrst.**
>
> Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands



# Páskakrimminn í ár!

1.
**Metsölulisti Eymundsson**
Heildarlisti vika 11




***Annika, hjálpaðu mér!***
Þessi sms-skilaboð eru síðasta lífsmarkið sem komið hefur frá Birgittu, systur Anniku Bengtzon.

★★★★

**„Verðugur endir á sérstöku skeiði í norrænni glæpasagnagerð.“**
*Politiken*

★★★★

**„… fáir höfundar spinna jafn vel saman ólíka þræði …“**
*Íris Davíðsdóttir / Fréttanetið (um **Hamingjuveg**)*



Bækur **Lizu Marklund** um blaðakonuna Anniku Bengtzon hafa komið út á yfir 30 tungumálum og notið gríðarlegra vinsælda. *Járnblóð* er seinasta sagan í þessum bókaflokki.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

ftr.

**Framboð í trúnaðarstöður**

*Í samræmi við 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér með framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.*

*Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til* ***mánudagsins 28. mars kl. 12 á hádegi.***

*Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík*

*Reykjavík 25. febrúar 2016*

*Stjórn FTR*

www.ftr.is
facebook.com/felagtaekinfolksirafidnadi/



Þar sem ferðalagið byrjar
Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

FERMING

GJAFAKORT ER
GÓÐ HUGMYND
Gefðu fermingarbarninu það sem er efst á óskalistanum.
SMÁRALIND

## Minnast písla frelsarans



**Fólk úr fjölda kirkjudeilda tók þátt í göngu í gegnum miðbæ Lohr am Main í Þýskalandi í gær, föstudaginn langa. Þrettán Kristslíkneski voru borin um borgina til að minnast krossfestingarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þingmenn meirihlutans velta fyrir sér vantrausti

## Algjör þögn er úr herbúðum Sjálfstæðisflokksins vegna máls forsætisráðherra.

**STJÓRNMÁL** Heimildir Fréttablaðsins herma að einstaka þingmenn Sjálfstæðisflokksins ræði sín á milli hvort styðja eigi hugsanlegt vantraust á Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vegna eigna eiginkonu hans á Bresku Jómfrúaeyjum.

Reynt var að hafa tal af öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins en bara náðist í Guðlaug Þór Þórðarson og Vilhjálm Bjarnason, sem vildu ekki tjá sig. Ítrekað var reynt að ná í Bjarna Benediktsson, formann flokksins, án árangurs.

Nokkrir þingmenn flokksins hafa þó tjáð sig annars staðar. Brynjar Níelsson sagði í samtali við Ríkisútvarpið í gær að málið væri óþægilegt fyrir ríkisstjórnarsamstarfið, sérstaklega í ljósi undangenginna samninga við kröfuhafa og vegna afnáms hafta. Hann vill að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundi um málið og fái allar staðreyndir upp á borðið.

> **Eru sjálfstæðismenn sammála forsætisráðherra sínum um skilgreiningar á siðferði og hvað sé eðlilegt?**
>
> Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar



Og áður en Sigmundur Davíð steig fram í viðtali við Fréttablaðið lýsti Ásmundur Friðriksson, þingmaður flokksins, þeirri skoðun að forsætisráðherra væri í erfiðri stöðu og þyrfti að skýra málið fyrir þjóðinni.

Vilhjálmur Bjarnason lýsti þá þeirri skoðun sinni í samtali við Stöð 2 að forsætisráðherra hefði átt að upplýsa um eignarhald eiginkonu sinnar og að málið rýrði traust á milli stjórnarflokkanna.

Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, tjáði sig um málið á Facebook í gær og kvaðst eiga erfitt með forsætisráðherra sem takmarkaði siðferðisskyldur sínar við þrengsta lagabókstaf. Þá víkur hann að ábyrgðarhlutverki Sjálfstæðisflokksins. „Eru sjálfstæðismenn sammála forsætisráðherra sínum um skilgreiningar á siðferði og hvað sé eðlilegt? Ég hlakka til að frétta það. Held að fleiri séu í svipaðri stöðu.“

Þá sagði Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, í útvarpsfréttum RÚV í gær að stofna ætti rannsóknarnefnd um málið en slíkt hefði verið gert af minna tilefni. **stefanrafn@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
PÁSKAR
AFMÆLISTILBOÐ
60 ÁRA
1956 - 2016
Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli
Gerðu betri kaup
blómaval
Páskagreinar 799kr
Páskaliljur í pottum 499kr/stk
Tet a tet
Keramik pottar fylgja ekki
Páskaliljur 10 stk.
990kr
Meðan birgðir endast
Túlipanar 10 stk.
1.290kr
20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
19.120kr
23.900
Gasgrill
Outback Omega 100.
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm
3000226
20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
15.900kr
19.900
Gasgrill
Outback gasgrill, 2ja brennara.
Grillflötur: 50x36 cm
3000225
Broil King
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
69.990kr
79.990
BARON 320
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kW/h
Grillgrind úr pottjárni
Hitamælir í loki
3000611
HJÓLIN ERU KOMIN
43.900kr
AUTHOR MATRIX 24"
18 gíra Shimano Revoshift skipting, afturskipting Shimano TY-18.
Álgjarðir. Tektro bremsur 855AL
3901305
Munið!
Opið annan í páskum í Skútuvogi kl. 11-17
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is
FYLGSTU MEÐ OKKUR
Byggjum á betra verði
525 3000 | www.husa.is

EFLA



Samfélagsstyrkir EFLU

EFLA verkfræðistofa starfrækir samfélagssjóð sem hefur að markmiði að styðja jákvæð og uppbyggileg verkefni í samfélaginu. Úthlutanir styrkja úr sjóðnum fara fram tvisvar á ári, að vori og hausti.

**Óskað er eftir umsóknum.**
Samfélagssjóður EFLU óskar nú eftir umsóknum. Hverri umsókn skal fylgja kjarnyrt og greinargóð lýsing á viðfangsefni og markmiðum, og skal miðað við umsóknartexta á einni blaðsíðu.
Umsóknir þurfa að berast sjóðnum fyrir 15. apríl næstkomandi. Vinsamlega nálgist nánari upplýsingar og leiðbeiningar vegna umsókna á efla.is.

**Umsóknarfrestur** 15. apríl 2016 | **Nánari upplýsingar** www.efla.is

ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND

Leigulausnir Lykils

**Lykilleiga**
fyrir einstaklinga

Lykill býður þér að leigja bíl í stað þess að kaupa og lágmarka bæði kostnað og áhættu við rekstur bílsins.
Innifalið í leigunni er þjónusta, viðhald, dekk, tryggingar og bifreiðagjöld,

1 **Þú velur bíl** í samráði við okkur.
2 Leigusamningur getur verið **12-36 mánaða** langur.
3 Leigugreiðslan er **föst fjárhæð allan leigutímann** og því engin áhætta af verðbólgu eða gengi krónunnar.

**Flotaleiga**
fyrir fyrirtæki

Lykill leigir bílaflota til fyrirtækja með tilheyrandi þjónustu og tekur svo við honum aftur að leigutíma loknum.
Fyrirtækin njóta stærðarhagkvæmni Lykils.

1 **Þú finnur bíla** sem henta þínum rekstri.
2 **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.
3 Leigugreiðslan er **föst fjárhæð allan leigutímann** og því engin áhætta af verðbólgu eða gengi krónunnar.

Kynntu þér möguleikana á
lykill.is/showroom/



30 1986 2016
Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is |
Framúrskarandi fyrirtæki
Lykill fjármögnun

PIPAR\TBWA · SÍA



Fækkun fermingarbarna er mest í Grafarvogs- og Hafnarfjarðarkirkju samkvæmt talningu á fermingarbörnum árin 2010 og 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fermingum hefur fækkað um rúma tíund

**Á sex árum hefur fermingum í þjóðkirkjunni fækkað um tólf prósent. Í aðeins sjö kirkjum af 47 í óformlegri könnun hafði fermingarbörnum fjölgað á milli ára. Prestur bendir á fjölgun innflytjenda.**

**TRÚMÁL** Á síðustu sex árum hefur fermingarbörnum þjóðkirkjunnar fækkað verulega. Þar sem þjóðkirkjan tekur ekki saman fjölda fermingarbarna eða aðra tölfræði tengda fermingum brá blaðamaður á það ráð að telja fermingarbörn í fermingarblaði Morgunblaðsins árið 2010 og árið 2016.

Í þessum samanburði voru eingöngu kirkjur teknar með sem sendu upplýsingar um fjölda fermingarbarna bæði árin en það voru 47 kirkjur, þar af nær allar sóknir á höfuðborgarsvæðinu. Allar kirkjurnar í könnuninni eru innan þjóðkirkjunnar.

Niðurstaðan er að 2.229 börn fermast í ár í þessum tilteknu kirkjum en árið 2010 voru þau 2.676. Það er 17 prósenta fækkun en ef leiðrétt er fyrir minni árgang fermingarbarna í ár en fyrir sex árum, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, er niðurstaðan um tólf prósenta fækkun.

Í aðeins sjö sóknum hefur fermingarbörnum fjölgað og það óverulega í flestum tilfellum. Lindakirkja í Kópavogi er eina sóknin sem hefur sótt verulega í sig veðrið en þar er um 20 prósenta fjölgun að ræða. Fækkunin er aftur móti mest í Grafarvogskirkju og Hafnarfjarðarkirkju. Í Grafarvogi hefur fermingarbörnum fækkað um tæp fjörutíu prósent en þau eru helmingi færri í Hafnarfjarðarkirkju í ár en fyrir sex árum, hefur fækkað úr 167 í 82.

„Ég kann ekki skýringu á þessari miklu breytingu á þessu tímabili,“ segir sr. Þórhildur Ólafsdóttir í Hafnarfjarðarkirkju en hún starfaði ekki við kirkjuna frá 2003 til 2010. „Fyrir 2003 var algengt að börnin væru vel á annað hundrað. En undanfarin ár hafa þau verið í kringum áttatíu.“

Sr. Gísli Jónasson í Breiðholtskirkju segir helstu ástæðuna fyrir að fækkað hafi fermingarbörnum í hans sókn vera þá að innflytjendum fjölgar hratt í hverfinu. „Flest börnin sem eru af erlendu bergi brotin eru kaþólsk og fermast því ekki hjá okkur. Um leið hlýtur að teljast eðlilegt að þjóðkirkjuhlutfallið lækki. Einnig hefur börnum fækkað mjög hratt í hverfinu. Það voru 1.500 börn í Breiðholtsskóla þegar mest var en nú eru innan við 400 börn í skólanum.“

> **Flest börnin sem eru af erlendu bergi brotin eru kaþólsk og fermast því ekki hjá okkur.**
>
> Gísli Jónasson, prestur í Breiðholtskirkju



Ekki er þó hægt að skýra fækkun um fjögur hundruð börn með fermingum í kaþólsku kirkjunni eða borgaralegri fermingu. Á þessu sex ára tímabili hafa 150 fleiri börn fermst borgaralega en kaþólskum fermingum hefur í raun fækkað frá árinu 2007 þegar þær náðu hámarki.

**erlabjorg@frettabladid.is**

## Fjöldi fermingarbarna

**Í 47 KIRKJUM ÞJÓÐKIRKJUNNAR**

| | |
|---|---|
| **2010** | 2.676 |
| **2016** | 2.229 |

**Í KAÞÓLSKU KIRKJUNNI**

| | |
|---|---|
| **2010** | 136 |
| **2015** | 112 |

**Í SIÐMENNT**

| | |
|---|---|
| **2010** | 166 |
| **2016** | 339 |

**5,5%**
færri voru skráðir í þjóðkirkjuna árið 2016 en árið 2010.



# BÆRING á BESSASTAÐI

Bæring býður sig fram til forseta Íslands. Sem forseti Íslands mun Bæring beita sér fyrir auknu lýðræði, hvetja ungt fólk til aukinnar menntunar og nýsköpunar, stuðla að öflugu menningarlífi, styðja og styrkja heilbrigðismál, málefni aldraðra og öryrkja, ásamt stýringu auðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi.

Bæring telur að helsta verkefni forseta þessa stundina sé að sameina þjóðina. „Þjóðin virðist vera í miklum ólgusjó og ég held það þurfi mann sem hefur reynslu til að sameina þjóðina um þau markmið og málefni sem tryggja framtíðina fyrir landið í staðinn fyrir að einblína of mikið á mistök fólks í fortíðinni og í smámálum."

Veljum sterkan og reyndan leiðtoga sem er hæfur, traustur og óháður. Veljum leiðtoga sem hlustar á þjóðina og hefur hagsmuni hennar allrar að leiðarljósi. **Veljum Bæring á Bessastaði.**

## Ekki bara peningar



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Guðmundur Jóhannsson, lyf- og bráðalæknir á Landspítalanum, sagði í föstudagsviðtali Fréttablaðsins á dögunum að auknir fjármunir til Landspítalans mættu sín lítils nema Íslendingar tækju ábyrgð á eigin heilsu. Samkvæmt nýlegri könnun erum við feitasta þjóð í Evrópu.

Læknirinn líkti offitu og lífsstílssjúkdómum við flóðbylgju. Samhliða öldrun þjóðarinnar stöndum við sennilega frammi fyrir erfiðasta og dýrasta vandamáli sögunnar. Þróunin á Íslandi er ekkert einsdæmi, en hún er uggvænleg engu að síður. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur verulegar áhyggjur af því að krónískir lífsstílssjúkdómar séu ein mesta heilbrigðisógn sem að okkur steðjar.

Undanfarið hefur Kári Stefánsson farið fyrir þeim sem vilja verja auknu fé til heilbrigðismála. Drjúgur hluti þjóðarinnar er Kára sammála. Undirskriftasöfnun hans hefur slegið öll met. En líkt og Guðmundur bendir á er ekki nóg að hækka fjárframlög til Landspítalans, þó að verulega verði í bætt, ef ekki er ráðist að rót vandans.

Í Bandaríkjunum er talað um að ef ekki fer að hægja á offitufaraldrinum þar í landi muni hann fyrr en varir gleypa öll heilbrigðisútgjöld. Ekki þarf sérfræðing í heilbrigðismálum til að sjá, að ef bandaríska kerfið getur ekki tekist á við vandann, megum við okkur lítils. Von okkar felst kannski í því að það er stundum auðveldara að breyta áherslum í litlu samfélagi en stóru.

Efla þarf forvarnir, auka samstarf milli fagstétta um bættan lífsstíl og vekja lækna til vitundar um hollan mat. Það er grundvallaratriði. Stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið í baráttunni gegn lífsstílssjúkdómum. Til dæmis mætti afnema tolla á hollum mat. En forvarnir kosta peninga, sem síðan skila sér margfalt í betra lífi og minni útgjöldum. Það þarf að fara í skólana. Það þarf að hvetja þá sem hafa tileinkað sér óheilsusamlegan lífsstíl til að snúa við blaðinu.

Í næstu kosningum, líkt og svo oft áður, munu fyrirheit um úrbætur í heilbrigðiskerfinu verða bitbein. Sitjandi ríkisstjórn mun hreykja sér af því hversu vel hefur verið staðið að uppbyggingu og þeir sem vonast til að fella valdhafana munu segja að ekki sé nóg að gert. Við þurfum meira kjöt á beinin.

Hlusta þarf á raddir úr mörgum áttum. Kunnáttan er fyrir hendi hér og þar. Margir hafa unnið stóra sigra í baráttunni við lífsstílssjúkdóma. Við þurfum að heyra þeirra raddir. Það þarf að finna leiðir til að sameina kraftana, flétta saman góðar hugmyndir svo úr verði skynsamleg stefna.

Þetta snýst nefnilega ekki bara um að verja peningum í dýr lyf, tæki og húsakynni. Markmið hvers og eins á að vera að forðast spítalavist með því að taka ábyrgð á eigin heilsu.

**Þetta snýst nefnilega ekki bara um að verja peningum í dýr lyf, tæki og húsakynni.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Andlegur hafragrautur og Isis

Í dag er dánardægur Cecil Rhodes. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að þessi hálfgleymdi imperíalisti sem lést fyrir hundrað og sextán árum hefur verið að gera allt brjálað í Bretlandi síðustu vikur.

„Rhodes skal falla“ er heiti herferðar nemenda við Oxford-háskóla sem krefjast þess að stytta af Rhodes sem prýðir eina af byggingum stofnunarinnar verði fjarlægð. Rhodes fæddist 1853 í Englandi en fluttist ungur til Suður-Afríku. Þar stofnaði hann demantaveldið De Beers, varð einn ríkasti maður heims og forsætisráðherra The Cape Colony, einnar af nýlendum Breta. Rhodes stundaði stuttlega nám við Oxford. Þegar hann lést árið 1902, fjörutíu og átta ára, ánafnaði hann skólanum fé í erfðaskrá sinni og hlaut umrædda styttu að launum.

Nemendur Oxford saka nú háskólann um að hampa rasista og talsmanni harðsvíraðrar nýlendustefnu sem átti þátt í að leggja drög að kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Þeir segja að styttuna verði að rífa.

### Brandarar bannaðir

Krafan um að Rhodes verði fjarlægður er hluti af stærri tískubylgju sem tröllríður breskum háskólum nú um stundir og felst í að banna það sem ekki fellur að ríkjandi siðferðishugmyndum stúdenta. Rannsókn leiddi í ljós að í fimmtíu og fimm prósentum breskra háskóla hafa stúdentaráð fengið samþykkt bann við sérstakri hegðun, klúbbum, popplögum, bröndurum, athugasemdum eða fyrirlesurum. Tjáningarfrelsinu voru sett takmörk í níutíu prósentum háskóla. Í sumum var bannað að selja „óviðuleg“ dagblöð á borð við The Sun. Bannað var að selja franska skopmyndablaðið Charlie Hebdo. Bannað var að spila popplagið Blurred Lines því textinn er fullur af kvenfyrirlitningu. Fréttabréf rúbbí-klúbbsins í London School of Economics þótti boða of mikla karlrembu. Súludansnámskeið var bannað á þeim forsendum að það upphefði kynlífsiðnaðinn.

Markmið stúdentaleiðtoganna er að gera háskólana að „verndarsvæðum“ fyrir nemendur, stað þar sem engum þarf að líða illa, finnast hann útskúfaður eða heyra eitthvað ljótt.

Það er einkum vegna þess hve hratt almennir ritskoðunartilburðir breiðast út um háskólasvæði Bretlands sem marga hryllir við kröfu stúdentanna í stóra styttumálinu. Heiðursrektor Oxford-háskólans sagði um styttuna af Rhodes að ekki væri hægt að endurskrifa söguna til að þóknast „skoðunum og fordómum samtímans“. Hann bætti við: „Það er eitt sem við megum aldrei sýna umburðarlyndi og það er umburðarleysi. Við megum ekki leyfa háskólunum okkar að breytast í einhæft, bragðdauft úthverfi sálarinnar þar sem það eina sem er á matseðlinum er andlegur hafragrautur.“ Sumir hafa gengið lengra og líkt niðurrifi á styttum af öllu sem okkur mislíkar við það hvernig hryðjuverkasamtökin Isis eyðileggja nú sögulegar minjar í Sýrlandi og Írak.

### Árás á vestræn gildi

Síðasta þriðjudag sprengdu íslamskir öfgamenn Isis sprengjur í Brussel, sem kostuðu meira en þrjátíu saklausa borgara lífið. Árásin var enn önnur árás á frjálslynd gildi Vesturlanda, tilraun til að brjóta niður grunnstoðir samfélags okkar, frelsi, jafnrétti og umburðarlyndi.

Stúdentar í Bretlandi rífa nú niður gildi sem við höfum barist fyrir kynslóðum saman. Það gera þeir af algjöru sinnuleysi í garð sögunnar og þeirrar hörðu baráttu sem háð var til að ná fram þeim borgaralegu réttindum sem við búum við í dag. Isis-liðum tekst aldrei að rústa öllum styttum veraldarinnar. Þeim tekst heldur aldrei að sprengja upp alla þá sem aðhyllast frelsið sem þeim mislíkar svo mjög. Það er fyrst þegar við förum sjálf að rífa niður styttur, endurskrifa söguna, ritskoða hugsanir og banna orð sem hriktir í stoðum frjáls samfélags. Ósk hryðjuverkahópa á borð við Isis er að í kjölfar ódæðisverka þeirra gefum við sjálfviljug upp á bátinn frelsishugmyndina; að við fórnum víðsýni, lífsgleði, umburðarlyndi, bjartsýni, náungakærleik, frelsi, jafnrétti og bræðralagi fyrir hömlur sem fela í sér ímyndað öryggi. En það er þá sem misindismennirnir hafa sigrað.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



ICEWEAR · ICELAND ·

# Icewear óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf

## Verslunarstjóri í nýja stórverslun Icewear á Laugavegi 91

**Hæfniskröfur:** Reynsla af verslunarstjórn skilyrði
Geta unnið undir álagi/skipulagður
Almenn tölvukunnátta
Hæfni í mannlegum samskiptum
Mentun sem nýtist í starfi mikill kostur

Umsækjandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsóknir sendist á fridrik@icewear.is
merkt „verslunarstjóri"
Umsóknarfrestur til 10. apríl.

## Almenn verslunarstörf í verslanir Icewear Full störf eða hlutastörf í boði

**Hæfniskröfur:** Reynsla af verslunarstarfi eða sambærilegum þjónustustörfum
Geta unnið undir álagi/18 ára og eldri
Hæfni í mannlegum samskiptum

Umóknir sendist á atvinna@icewear.is
merkt „verslunarstarf"
Umsóknarfrestur til 10. apríl.

**ÞÍN ÚTIVIST ÞÍN ÁNÆGJA**

VERSLANIR ICEWEAR | **REYKJAVÍK** AUSTURSTRÆTI 5 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · **OUTLET** FÁKAFEN 9 · **GARÐABÆR** MIÐHRAUN 4 · **AKUREYRI** HAFNARSTRÆTI 106 · **VÍK Í MÝRDAL** AUSTURVEGUR 20 | Netverslun **www.icewear.is** frí heimsending um allt land



Það fer ekkert á milli mála að Kolbeinn Sigþórsson er ekki sáttur við gang mála þegar íslenska liðið hefur leik á ný eftir annað mark Dana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ekkert gengur hjá EM-liði Íslands

**Ísland er ekki enn búið að vinna leik með sínu sterkasta liði síðan liðið tryggði sér sæti á Evrópumótinu í Frakklandi fyrir 202 dögum.**

**FÓTBOLTI** Ísland hefur getað kallað sig EM-þjóð í meira en tvö hundruð daga en stærsti hluti leikmannanna sem eru á leiðinni til Frakklands í júní hefur ekki unnið landsleik saman síðan á Amsterdam Arena 3. september síðastliðinn.

Íslenska landsliðið náði ekki að enda sjö áratuga bið eftir sigri á Dönum á skírdag því í leikslok var sjöunda tapið í röð á móti Dönum staðreynd. Arnór Ingvi Traustason minnkaði muninn í lokin og skoraði fyrsta markið á móti Dönum í 620 mínútur og fimmtán ár. Loks svar eftir átján dönsk mörk í röð en samt enn eitt tapið staðreynd.

**-6**

**er markatala Íslands í síðustu fjórum leikjum með fullt lið, 10–4 mótherjunum í vil.**

### 80 dagar í fyrsta leik á EM

Þetta var fyrsti leikur karlalandsliðsins á árinu með fullskipað lið en liðið hafði þó bara unnið einn af þremur leikjum sínum með Norðurlandaliðið sitt í janúar.

Það eru bara 80 dagar í fyrsta leik á Evrópumótinu og það fækkar því tækifærunum til að rífa sig upp úr lægðinni sem þeir hafa verið í síðan EM-farseðillinn var tryggður.

Eftir einstakan sigur á Hollandi í Amsterdam nægði íslensku strákunum markalaust jafntefli til að gera 6. september að sögulegu kvöldi á Laugardalsvellinum. Síðan hefur liðið verið í lægð. Leikurinn á móti Dönum var fjórði tapleikur liðsins í röð með fullt lið og íslenska liðið hefur á þessum tæpu sjö mánuðum sem eru liðnir ekki enn unnið leik með þá stráka sem komu okkur á Evrópumótið í fyrsta sinn.

### Hvert tapið á fætur öðru

Liðið missti niður 2-0 forystu á móti Lettlandi í næst leik á eftir og hefur síðan tapað á móti Tyrklandi (1-0), Póllandi (4-2), Slóvakíu (3-1) og Danmörku (2-1).

Með hverju tapinu á fætur öðru fer það að skipta meira og meira máli fyrir strákana okkar að ná að vinna leik.

Það vill enginn fara með langa taphrinu á bakinu inn í stórmót, hvað þá það fyrsta í sögu A-landsliðs karla.

Sjálfstraustið og trúin, lykillinn að gengi liðsins, er vonandi enn jafnsterk hjá strákunum en það stendur varla af sér mikið fleiri tapleiki í röð.

Strákarnir þurfa sem betur fer ekki að bíða lengi eftir næsta tækifæri til að enda þessa leiðinlegu taphrinu því liðið mætir Grikkjum í Aþenu á þriðjudaginn.

Grikkir eiga það sameiginlegt með Dönum að þeir eru að reyna að koma sér í gang eftir dapra undankeppni þar sem þeir misstu EM-sæti eins og Danir. Gott að geta sýnt EM-þjóðinni Íslandi að þeir eigi frekar heima í Frakklandi en íslensku strákarnir.

### Kynnast sigurtilfinningunni á ný

Íslensku strákarnir voru með fyrstu þjóðum til að tryggja sér sæti á EM og hafa fengið sjö mánuði til að jafna sig á því. Nú eru bara tæpir þrír mánuðir í fyrsta leik á EM og því kominn tími til að sýna að íslenska liðið ætli ekki bara að vera með í Frakklandi í júní. Góð byrjun væri að kynnast sigurtilfinningunni á nýjan leik. ooj@frettabladid.is


## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

**Byrjendakúrs:**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00-11:30
Mánudaga og miðvikudaga 13:00-14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30-19:00

**Framhaldsnámskeið II:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00-14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30-19:00

**Framhaldsnámskeið III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00-11:30
Mánudaga og miðvikudaga 19:15-20:45



**Verð á mann 23.500.-**

**Námskeiðin hefjast 4. og 5. apríl.**

**Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com**



## Rammaáætlun

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar mun ganga frá drögum að tillögum sínum um flokkun virkjunarkosta þann 30. mars nk. Til að auðvelda almenningi og hagsmunaaðilum að kynna sér drögin efnir verkefnisstjórn til kynningarfunda, sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **31.3.** | Reykjavík, Kaldalón í Hörpu, kl. 14-16 |
| **6.4.** | Grindavík, Gjáin, kl. 20-22 |
| **7.4.** | Kirkjubæjarklaustur, félagsheimilið Kirkjuhvoll, kl. 16:30-18:30 |
| **7.4** | Selfoss, Hótel Selfoss, kl. 20:30-22:30 |
| **11.4.** | Stórutjarnir, Stórutjarnaskóli, kl. 20-22 |
| **12.4** | Akureyri, Hamrar í Hofi, kl. 12-14 |
| **12.4** | Varmahlíð, Miðgarður, kl. 20-22 |
| **13.4** | Nauteyri við Ísafjarðardjúp, Steinshús, kl. 20-22 |

Á fundunum mun verkefnisstjórn kynna tillögudrögin og sitja fyrir svörum að kynningu lokinni. Fundirnir eru öllum opnir og ekki er þörf á að skrá sig.

*Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar*


## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| ÍBV - Selfoss | 28-28 |
| Valur - HK | 32-26 |
| FH - Afturelding | 22-29 |
| Grótta - Haukar | 19-22 |
| KA/Þór - Fram | 14-27 |
| Fylkir - Fjölnir | 33-26 |
| Stjarnan - ÍR | 35-29 |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 40 | Fjölnir | 12 |
| Grótta | 39 | KA/Þór | 9 |
| Valur | 36 | FH | 9 |
| Fram | 35 | ÍR | 8 |
| Stjarnan | 34 | Afturelding | 7 |

**Domino's-deild karla**

**Stjarnan - Njarðvík 69-73**
Stigahæstir: Justin Shouse 21 – Oddur Kristjánsson 16, Haukur Helgi Pálsson 15.
*Njarðvík leiðir einvígið, 2-1.*

**Haukar - Þór Þorl. 84-75**
Stigahæstir: Finnur Atli Magnússon 20 – Vance Hall 18, Ragnar Nathanaelsson 12.
*Haukar leiða einvígið, 2-1.*

STELPURNAR SIGRUÐU BELGÍU
U-17 landslið kvenna fer vel af stað í milliriðli Evrópumótsins í knattspyrnu sem spilaður er í Serbíu. Ísland vann í gær 2-1 sigur á Belgíu þar sem Guðrún Gyða Haralz, leikmaður Breiðabliks, skoraði sigurmarkið á 72. mínútu, sex mínútum eftir að hún kom inn á sem varamaður. Hlín Eiríksdóttir, Val, kom Íslandi yfir snemma leiks en Freyr Alexandersson er þjálfari íslenska liðsins. England vann Serbíu, 3-1, í hinum leik riðilsins en Ísland leikur gegn Englandi á morgun klukkan 12.00.



GOÐSÖGN FALLIN FRÁ
Hollensku knattspyrnugoðsagnarinnar Johans Cruyff var víða minnst í gær, en hann lést á fimmtudaginn, 68 ára að aldri, eftir nokkurra mánaða baráttu við krabbamein. Cruyff var lengst af á mála hjá Ajax og Barcelona á ferli sínum, bæði sem leikmaður og þjálfari, og var afar sigursæll. Cruyff er talinn einn besti knattspyrnumaður sem uppi hefur verið og einn mesti áhrifavaldur í þróun nútímaknattspyrnu. Hann var þrívegis heiðraður með Gullboltanum sem knattspyrnumaður ársins.



VERÐUR HILL MEÐ?
Tindastóll tekur á móti Keflavík í fjórða leik liðanna í 8-liða úrslitum Domino's-deildar karla á mánudagskvöldið. Óvíst er hvort Jerome Hill verður með Keflavík þar sem Stólarnir kærðu atvik í leik liðanna á miðvikudag, þar sem Hill virtist slá til Helga Freys Margeirssonar, leikmanns Tindastóls. Aganefnd KKÍ mun taka málið fyrir í dag.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Match Play | Golfstöðin |
| 00.30 | Ward vs. Barrera | Sport |

## Páskadagur

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Match Play | Golfstöðin |
| 17.25 | RN Löwen - Zagreb | Sport |

## Annar í páskum

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Tindastóll - Keflavík | Sport |

**Olís-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 13.30 | ÍBV - HK | Vestmannaeyjar |
| 14.30 | Afturelding - KA/Þór | Mosf. |

# Páskatilboð á húsgögnum!

20-30% afsláttur af húsgögnum. Nyjar sendingar af gjafavöru og húsgögnum.






**Hübsch körfur,** verð frá kr. 10.600,-



**idp Sphera** leðursófar og sófasett

Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
Verð tilboð (-25%), 3+1+1 995.000,- **nú 746.250,-,**
3ja sæta sófi 475.000,- **nú 356.250,-,** stóll 260.000,-, **nú 195.000,-**
**Ítölsk hönnun og framleiðsla**



**Asiama S353** hornsófi í leðri.

Stærð 278 x 226 x 105 cm. Litir; svart, brúnt og ljósgrátt.
Verð frá kr. 578.000,-. Tilboðsverð (-25%) frá kr. 433.500,-.



**Glerkúplar Hübsch,** frá kr. 5.800,-



**Blómavasi Hübsch,** kr. 3.750,-



**CAP mottur,** verð frá kr. 141.000,-



**Asiama** tungusófi í leðri

Stærð; 250 x 158 cm
Litir; svart, ljóst og brúnt
Verð; 648.000,- Tilboðsverð (25% afsl.) 486.000,-

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

# Páskatilboðin í Höllinni

## Komdu og vertu eins og heima hjá þér



### LEVANTO

Danskir hægindastólar.
Til í leðri og áklæði.
Hallanlegir með snúningi.
Fáanlegur í mörgum litum í leðri.
Stærð: 77 × 75 × 109 cm

Leðurstóll með skemli.
**124.800 kr.**
~~149.980 kr.~~



### HAVANA

Hægindastóll. Slitsterkt rautt, orange, dökkrátt og grænt áklæði.
**69.990 kr.** ~~79.990 kr.~~



### MAGAN

Borðstofustóll.
Dökkgrátt, dökkrautt og ljósgrátt áklæði. Viðarfætur.
**21.990 kr.** ~~27.990 kr.~~



### DIMA

Borðstofustóll. svartur eða hvítur með svörtum eða viðarlitum löppum.
**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



### BELINA

Borðstofustóll. Hvítur eða svartur.
**14.990 kr.** ~~19.990 kr.~~



### FRIDAY

Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm
**249.990 kr.**
~~299.990 kr.~~



IDdesign

### KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm
**189.990 kr.**
~~239.990 kr.~~




### MOTTUMARS

**5%** af sölu á öllum mottum í Mottumars renna til Krabbameinsfélagsins.
Mikið úrval frá Broste og fleiri framleiðendum.




### BROSTE

Nýtt og enn stærra Broste sýningarrými í Höllinni Bíldshöfða. Af því tilefni og 60 ára afmæli Broste bjóðum við **20%** afslátt af Broste vörum í mars.

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# LA-Z-BOY
# TAXFREE

## Allir LA-Z-BOY stólar og sófar á taxfree tilboði*






**EMPIRE**
Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði
Stærð: 80 × 70 × 102 cm
**72.573 kr.** ~~89.990 kr.~~



**ASPEN**
Klæddur leðri á slitflötum.
Svartur, vínrauður, brúnn eða hvítur.
Stærð: 80 × 85 × 102 cm
**119.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



**RIALTO**
Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi.
Klæddur gráu eða svörtu áklæði.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Stærð: 205 × 90 × 105 cm
**258.056 kr.** ~~319.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir bara á LA-Z-BOY og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 31. mars 2016

**OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA**
**LAUGARDAGUR OPIÐ 11.00–17.00 | LOKAÐ Á PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM**

**HÚSGAGNA HÖLLIN**



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, Örvar Smárason og Ívar Pétur Kjartansson í FM Belfast lofa miklu fjöri og nóg af konfetti á tónleikunum á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Konfetti og gleðitónar í bænum

**FM Belfast** og Emmsjé Gauti leiða saman hesta sína í trylltri páskagleði á Húrra í kvöld. Lóa Hjálmtýsdóttir segir alltaf mikið stuð þegar sveitin kemur saman enda sé hún skipuð skemmtilegasta fólki sem hún þekkir.

Mér finnst alltaf ótrúlega gaman að spila, skemmtilegasta fólk sem ég þekki er með mér í hljómsveit og það er alltaf gaman hjá okkur," segir Lóa Hjálmtýsdóttir. Hún kemur fram ásamt hljómsveit sinni, FM Belfast, og Emmsjé Gauta á tónleikum á Húrra í kvöld.

FM Belfast hefur ekki spilað mikið hérlendis undanfarið en hljómsveitin er þekkt fyrir fjöruga tónleika þar sem allir dansa með. „Við spiluðum á risa tónleikum í Sydney í janúar fyrir næstum þrjátíu þúsund manns. Við vorum að hita upp fyrir Flaming Lips. Það var mjög skemmtilegt og eftir tónleikana fengum við aðdáendabréf frá yngsta aðdáanda okkar, 8 ára áströlskum gutta," segir Lóa. „Þetta var mikið grín og gott að losna af landinu í janúar."

Einn meðlimur sveitarinnar er búsettur í Brussel og þegar þetta er skrifað er óvíst hvort hann muni koma til landsins á tónleikana vegna hryðjuverkaárásanna sem gerðar voru í borginni á þriðjudag. „Við erum enn að bíða, það er ekki alveg vitað með flug en við vonum að hann komist," segir Lóa. Það er misjafnt hverjir spila með sveitinni hverju sinni. „Þetta er eiginlega eins og hálfgerður lukkupakki fyrir þá sem mæta oft á tónleika hjá okkur, hver er að spila með. Það er einn sem er alltaf með en restin valsar inn og út. Það eru allir í svo mörgu alltaf, ef þetta væri ekki svona þá myndum við aldrei gera neitt. Við erum öll komin með börn og í alls konar vinnum og verkefnum hér og þar. Við hittumst ekki það oft utan vinnutímans þannig það er extra bónus að fá að hanga með þeim heilan dag og kvöld," segir Lóa en hljómsveitin hefur verið að vinna að nýju efni undanfarið. „Ég þori samt ekki alveg að lofa að við tökum nýju lögin á tónleikunum en það er aldrei að vita."

**ÉG ÞORI SAMT EKKI ALVEG AÐ LOFA AÐ VIÐ TÖKUM NÝJU LÖGIN Á TÓNLEIKUNUM EN ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA.**

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og hægt er að nálgast miða á tix.is.

viktoria@frettabladid.is

## Hvað á að gera um helgina?

### HORFÐU
á myndina Kalli á þakinu í páskaþrjúbíói í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Myndin er með íslensku tali og það kostar 500 krónur inn. Sýningin hefst klukkan 15.





Kjartan Atli Kjartansson útvarpsmaður

### KÖRFUBOLTAMÓT Í SVÍÞJÓÐ
Ég er staddur í Svíþjóð og mun eyða páskahelginni þar. Ég er með hóp 14 og 15 ára drengja að keppa á sterkasta félagsmóti Norðurlanda í körfubolta. Eintómt fjör!



### FARÐU
á ljósmyndasýninguna Bowie The Session eftir hinn heimsfræga Gavin Evans. Sýningin er í Esju, nýjum sýningarsal Hörpu.



Nína Dögg Filippusdóttir leikkona

### ÚTREIÐARTÚRAR
Ég ætla að vera í útreiðartúrum alla helgina í Heiðmörk á yndislega hestinum mínum, henni Gátu, með frábærum hestavinum mínum í Spretti.

### LESTU
bókina Járnblóð eftir Lizu Marklund. Þetta er síðasta bókin í seríu um blaðakonuna Anniku Bengzton.






Sólveig Guðmundsdóttir leikkona

### SLAPPAR AF
Ég er sem sagt núna í páskafríi frá að sýna Illsku í Borgarleikhúsinu og ætla að vera heima, elda lambalæri, fara í sund, kannski taka til í garðinum en aðallega bara slappa af með stelpunum mínum tveim.

### HLUSTAÐU
Á Trúbrot sem heldur tónleika í Hörpu í kvöld. Þar verður platan Lifun, flutt í heild sinni en verkið er 45 ára í ár.




THULE SWEDEN
Hjólagrindur og ferðabox
Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10
THULE
THULE
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is







## Fyllt hátíðalæri

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:
• Döðlur og gráðaostur • Fíkjur, engifer og kanill • Franskur Camembert

## Fylltar kalkúnabringur

4 tegundir af fyllingum: • Beikonfyllt • Með trönuberjum • Döðlufylling
• Fylling með amerískum hætti




**Häagen-Dazs ís**
Hver er þinn uppáhalds?



**Lífræn ítölsk hráskina og salami**




**Coke í gleri**
Yfir hátíðina




**Páskaöl**
Tilvalið með páskasteikinni



**Kaffi frá Kaffitár**
Fyrir fullkominn kaffibolla




**Sykurlaust súkkulaði**
Í úrvali.

## PÁSKAEGG Í MIKLU ÚRVALI



# SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP

*Tilbúið beint í ofninn*




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

*Saltminni hryggur*




## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

## GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR




KÓTILETTUR KRYDDLEGNAR
2.474 kr/kg
verð áður 3.299




LAMBA FILE BOSBORUS
3.999 kr/kg
verð áður 4.999




NAUTAVÖÐVI HVÍTLAUKSPIPAR
2.699 kr/kg
verð áður 3.599

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




# Hver verður *næsti* forseti Íslands?

Tveir áratugir eru síðan sitjandi forseti var fyrst í kjöri. Kosningar til embættis forseta Íslands fara fram þann 25. júní næstkomandi. Munu Íslendingar ganga að kjörborðinu og velja sér sjötta forsetann eftir að sjálfstæði var náð árið 1944. Þrettán hafa opinberlega gefið kost á sér í embættið en framboðsfrestur rennur út eftir tæpa tvo mánuði.

Sveinn Arnarsson
sveinn@365.is



Fimmta kjörtímabili hr. Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, lýkur í ágúst á þessu ári og nýr forseti tekur við keflinu. Enginn forseti hefur áður setið fimm kjörtímabil, heila tvo áratugi.

Segja má með nokkurri vissu að fráfarandi forseti hafi markað djúp spor í stjórnmálasögu þjóðarinnar og breytt forsetaembættinu manna mest í embættistíð sinni. Ítrekuð beiting stjórnarskrárákvæða með að færa lög frá Alþingi í dóm kjósenda verður líkast til færð í sögubækur framtíðarinnar. Einnig hefur honum tekist, einum stjórnmálamanna þessa lands, að sigla í gegnum efnahagshrunið í lok árs 2008 með þeim afleiðingum að fjórum árum seinna vildi þjóðin ríghalda honum í embætti fjögur ár í viðbót. Er þetta eina dæmið um stjórnmálamann sem kom standandi niður eftir hrun.

Nokkur fjöldi einstaklinga hefur gefið það út opinberlega, nú nokkrum mánuðum fyrir kosningar, að hann vilji setjast að á Bessastöðum síðsumars og verða forseti yfir Íslandi. Aldrei áður hefur slíkur fjöldi gefið það út að hann ætli sér að taka þátt í einu og sama forsetakjörinu.

Enn er langur tími til kosninga og því er líklegt að fleiri bjóði sig fram í embætti forseta Íslands. Nokkrir einstaklingar hafa sterklega verið orðaðir við framboð. Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson og Davíð Þór Jónsson hafa, svo dæmi séu tekin, verið orðuð við framboð án þess að þau hafi nokkuð gefið upp um fyrirætlanir sínar í sumar.

Kosningarnar munu fara fram fjórða laugardag júnímánaðar. Líkast til mun kosningabaráttan lenda í skugga karlalandsliðsins í knattspyrnu sem etja mun kappi við aðrar stórþjóðir á EM í Frakklandi í júnímánuði. Þrátt fyrir það munu Íslendingar ganga að kjörborðinu og því ekki úr vegi að Fréttablaðið líti yfir þann hóp sem hefur gefið kost á sér til embættis forseta Íslands.

**» FYRIR UTAN ÞÁ ÞRETTÁN FRAMBJÓÐENDUR SEM STIGIÐ HAFA FRAM ERU NOKKUÐ MARGIR ORÐAÐIR VIÐ EMBÆTTIÐ. FRAMBOÐSFRESTUR RENNUR ÚT FIMM VIKUM FYRIR KOSNINGAR, EÐA 21. MAÍ.**



## ÞESSI HAFA BOÐIÐ SIG FRAM TIL FORSETA ÍSLANDS



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HALLA TÓMASDÓTTIR 47 ára

Halla er rekstrarhagfræðingur. Hún var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands og stofnandi og stjórnarformaður Auðar Capital. Einnig hefur hún unnið hjá Íslenska útvarpsfélaginu, Háskólanum í Reykjavík og Pepsi Cola. Undanfarin misseri hefur Halla mest starfað erlendis, meðal annars sem stofnandi Sisters Capital og sem fyrirlesari á alþjóðavettvangi. Halla vill virkja konur til áhrifa á öllum sviðum samfélagsins og vill sjá fleiri frumkvöðla að störfum, ekki síst þá sem hafa það að leiðarljósi að leysa samfélagsleg mein og skapa þannig verðmæti bæði fyrir sig og sitt samfélag. Halla er gift Birni Skúlasyni viðskiptafræðingi og saman eiga þau tvö börn.



### ARI JÓSEPSSON 34 ára

Þegar Íslendingar ganga að kjörborðinu verður Ari Jósepsson nýorðinn 35 ára gamall. Hann er ókvæntur og barnlaus. Ari hefur á síðustu árum stundað nám en er atvinnulaus eins og er. Ari leggur áherslu á jöfnuð og að allir fái tækifæri á sínum forsendum. Hann vill sameina þjóðina og hlusta á hana á forsetastóli. Að hans mati er nóg komið af álverum og landið okkar ætti að vera sem hreinast. Ari er hvað þekktastur fyrir Youtuberásina sína á netinu þar sem hann hefur hlaðið upp hundruðum myndbanda af ferðalögum sínum um heiminn og öðru efni. Þar segist hann vera ferðalangur sem þyki gaman að skoða heiminn.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### VIGFÚS B. ALBERTSSON 41 árs

Vigfús Bjarni er menntaður til prests og vinnur sem sjúkrahúsprestur á Landspítalanum. Í störfum sínum hefur hann öðlast reynslu af því að tala við fólk á erfiðum stundum í lífi þess og segir þá reynslu og þekkingu nýtast honum til að ávarpa einstaklinga í erfiðri stöðu. Hann langar að breyta embætti forseta íslands í mannúðarembætti. Í því felst að forseti hugi að lýðheilsu þjóðarinnar. Markmið er að fara af stað í þennan leiðangur sem kosningaferðalagið er, ræða við fólk á förnum vegi um það sem það hefur að segja. Vigfús Bjarni hefur sem sjúkrahúsprestur gengið í gegnum mikið niðurskurðarskeið í íslenskri heilbrigðisþjónustu og langar að hefja hana upp til vegs og virðingar á nýjan leik.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG 10-19

LÁGT VERÐ
ALLA DAGA

GLEÐILEGA PÁSKA
STARFSFÓLK BÓNUS

OPIÐ ANNAN Í PÁSKUM
FRÁ KL. 12-18*

*ALLAR VERSLANIR NEMA Í
KRINGLUNNI OG SKÚTUVOGI 13

BÓNUS EKKERT BRUÐL



## STURLA JÓNSSON 49 ára

Sturla er þekktastur sem vörubílstjóri sem hefur látið til sín taka í þjóðmálaumræðunni allt frá hruni. Hann bauð sig fram til Alþingis árið 2013 en hlaut ekki kjörgengi. Sturla vill gera forsetaembættið virkt í stjórnskipan landsins. Að hans mati eru fjölmörg ákvæði stjórnarskrár Íslands sem ekki er farið eftir í dag. Vill hann til að mynda að forseti stýri því hverjir verði ráðherrar í ríkisráði og að forseti virki 25. grein stjórnarskrárinnar sem veitir honum heimild til að leggja fram frumvörp á Alþingi. Með þessu yrði forseti lýðveldisins mun meiri þátttakandi í stjórnmálalífinu hér á landi.



## BÆRING ÓLAFSSON 60 ára

Á yngri árum stundaði Bæring sjómennsku og vann í byggingarvinnu. Hann nam síðar viðskiptafræði í Bandaríkjunum og hefur um árabil stýrt fyrirtækjum bæði í Bandaríkjunum, Evrópu og í Asíu.

Sem forseti Íslands myndi Bæring beita sér fyrir að styðja aukið lýðræði, hvetja ungt fólk til aukinnar menntunar og nýsköpunar, stuðla að öflugu menningarlífi, styðja og styrkja heilbrigðisstéttina og málefni aldraðra og öryrkja. Einnig mun hann leggja áherslu á sjálfbærni í nýtingu auðlinda. Bæring er kvæntur og á sex börn og sex barnabörn.



## ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR 57 ára

Elísabet er blaðamaður og rithöfundur. Hún segist vera að fylgja tilfinningu sem hún hafi fengið. Hún sé í leiðangri og þegar komið er á leiðarenda, á kosninganótt, muni kannski opnast svarið fyrir henni hvert hún stefni. Elísabet segist nú þegar hafa gert stórkostlegar uppgötvanir þá tvo mánuði sem hún hefur verið í framboði, bæði á sjálfri sér og þjóðinni. Hún segist ekki eiga neinn forsetafataskáp og þurfi því að koma til dyranna í eigin fötum. Hún segist elska Íslendinga af öllu hjarta og að hana langi að banka upp á hjá hverjum Íslendingi því allir hafi sögu að segja.



## GUÐMUNDUR F. JÓNSSON 52 ára

Guðmundur er búsettur í Danmörku, fráskilinn þriggja barna faðir. Viðskiptafræðingur og starfandi hótelstjóri. hefur einnig unnið sem hótelstjóri í Prag. Sem forseti vill hann ekki breyta embættinu mikið heldur sé mikilvægt að halda uppi merkjum Ólafs Ragnars Grímssonar en að hans mati hefur fráfarandi forseti byggt upp embættið á síðustu árum. Sem forseti vill Guðmundur Franklín vera talsmaður þjóðarinnar og passa upp á að ekki sé brotið á henni. Hann muni verða nauðsynlegur varnagli fyrir þjóðina og nýta stjórnarskrá lýðveldisins til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu og leggja fram frumvörp fyrir þingið. Hann segir að æskilegt væri að miða við að tíu prósent þjóðarinnar gætu kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON 57 ára

Þorgrímur hefur um langa hríð skrifað barna- og unglingabækur auk þess sem hann hefur komið að forvarnarmálum ýmiss konar. Einnig er Þorgrímur fyrrverandi knattspyrnumaður og hefur unnið innan knattspyrnuhreyfingarinnar við hin ýmsu störf. Þorgrímur hefur í tvígang hlotið Íslensku barnabókaverðlaunin. Þorgrímur hefur einnig haft atvinnu af því að ræða við smærri og stærri hópa sem fyrirlesari. Þá hefur hann komið að starfi fyrir íslenska landsliðið í knattspyrnu.

Þorgrímur hefur sagt að hann vilji sem forseti vera auðmjúkur þjónn þjóðarinnar. Hann lítur á embættið sem óskrifað blað og að nýr forseti geti nokkurn veginn gert það sem hann langar til að gera með embættið.



## HILDUR ÞÓRÐARDÓTTIR 48 ára

Hildur er þjóðfræðingur og hefur lagt stund á ritstörf og heilun. Hildur vill meira vald til fólksins og er eindreginn stuðningsmaður nýju stjórnarskrárinnar. Þar til nýja stjórnarskráin verður samþykkt vill hún nota málskotsréttinn, verði hún kosin, og miða við undirskrift tíu prósenta þjóðarinnar. Hún telur mikilvægt að þjóðin taki ákvarðanir í stærstu og mikilvægustu málunum. Hún telur nauðsynlegt að koma á friði í samfélaginu, vinnufriði á Alþingi og brúa bilið milli þings og þjóðar. Hildur hefur unnið í sjálfboðavinnu hjá Rauða krossinum, Hugarafli og Samhjálp og þekkir því aðstæður geðfatlaðra og þeirra sem eiga erfitt með að fóta sig í lífinu. Hún hefur jafnframt mikla reynslu af málefnum barna með geðraskanir.



## HEIMIR ÖRN HÓLMARSSON 35 ára

Heimir er næstyngstur þeirra sem bjóða sig fram til forseta. Heimir Örn er menntaður rafmagnstæknifræðingur með meistaragráðu í verkefnastjórnun. Hann vinnur hjá Icelandair að viðhaldi flugvélaflota. Heimir Örn vill gera forsetaembættið gegnsærra og aðgengilegra almenningi, einnig að embættið leggi ríkari áherslu á að uppræta fordóma í samfélaginu og hlúa að minnihlutahópum. Einnig segir hann mikilvægt að grunnstoðir samfélags okkar séu byggðar upp af sitjandi forseta og að forseti hugi sérstaklega að þeirri þjóð sem byggir landið og sameini hana í verki. Heimir Örn er kvæntur og á þrjú börn.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## GUÐRÚN M. PÁLSÓTTIR 57 ára

Guðrún Margrét er menntaður hjúkrunarfræðingur og er einn af stofnendum ABC barnahjálpar. Hún hefur unnið á Landspítalanum og Hlaðgerðarkoti Samhjálpar. Hún segir heimsreisu sem hún hafi farið í fyrir þremur áratugum hafa breytt lífi sínu. Þar hafi hún kynnst fátækt og ólæsu fólki og viljað hjálpa því í lífinu. Að mati Guðrúnar er forsetinn mikilvægur öryggisventill þjóðarinnar, sameiningartákn og ímynd út á við. Bænin er öflugt tæki til að blessa aðra að mati Guðrúnar. Hún sér fyrir sér reglulegar bænastundir í Bessastaðakirkju þar sem beðið yrði fyrir æskunni og ráðamönnum landsins. Guðrún er gift og á fjögur börn.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÁSTÞÓR MAGNÚSSON 62 ára

Ástþór bauð fram krafta sína fyrst í forsetakosningunum árið 1996 þegar Ólafur Ragnar Grímsson var kjörinn forseti.

Þetta er í fjórða sinn sem hann gefur kost á sér til embættisins. Ástþór vill beita sér fyrir að embætti forsetans verði nýtt í þágu heimsfriðar og að vald færist aftur til þjóðarinnar í formi þjóðaratkvæðagreiðslna um stór mál. Hann vill einnig berjast fyrir því að þjóðin sjálf geti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu án aðkomu forseta Íslands.

Ástþór stofnaði Frið 2000 árið 1995 og var einn af stofnendum Lýðræðishreyfingarinnar árið 1998.



MYND/ÓLI HAUKUR

## HRANNAR PÉTURSSON 42 ára

Hrannar var lengi fréttamaður hjá RÚV en einnig hefur hann starfað sem upplýsingafulltrúi hjá Isal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone og nú síðast verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu. Að mati Hrannars á forsetinn að tala fyrir tilteknum gildum, hann á að tala fyrir gagnkvæmum skilningi ólíkra skoðana, hann á að leggja sig fram um að sameina fólk en ekki sundra og vera sanngjarn, en í senn staðfastur. Hrannar vill vera framsýnn forseti. Hrannar vill vera venjulegur maður og hluti af þjóðinni, alþýðlegur venjulegur maður með einlægan áhuga á því að láta gott af sér leiða. Einnig leggur hann mikla áherslu á að forseti eigi að vera helsti talsmaður kynjajafnréttis í landinu.

## Hverjir geta boðið sig fram til forseta?

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands er kjörgengur til forseta hver 35 ára gamall maður sem fullnægir skilyrðum kosningaréttar til Alþingis og hefur óflekkað mannorð. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningabærra manna og mest 3.000. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri þá er hann kjörinn án atkvæðagreiðslu. Þá má forseti lýðveldisins ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.



NÝTT ÚTLIT
SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Ólafur og Elín kynntust í kristilegu hjálparstarfi þar sem þau voru með súpugjafir niðri í bæ fyrir útigangsfólk. Svo fengu þau tækifæri til að stofna Draumasetrið og þar með rættist stór draumur. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Við erum pabbi og mamma hérna

Draumasetrið hlaut verðlaun í flokknum Hvunndagshetjan þegar Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins var útdeilt í síðustu viku. Þar aðstoða hjónin **Elín Arna Arnardóttir** og **Ólafur Haukur Ólafsson** fyrrverandi fíkla í að fóta sig eftir meðferð og veita þeim öryggi.

Draumasetrið er í þriggja hæða húsi við Héðinsgötu sem eitt sinn hýsti Olís og síðar Tollinn. Huggulegur pallur er við útidyrnar og innan við þær, til hægri handar, enn huggulegra kaffihús. Hvort tveggja fyrir íbúa hússins hverju sinni. Í kaffistofunni eru bókahillur, stór flatskjár, hljómflutningstæki og meira að segja nokkur hljóðfæri innan um blóm og falleg húsgögn. Þarna tyllum við okkur við eitt borðið, húsráðendurnir, Elín Arna Arnardóttir og Ólafur Haukur Ólafsson, og ég, þau hella kaffi í bolla og bjóða prins póló, bara eins og þau viti að það er uppáhaldið mitt.

Af hverju heitir þetta Draumasetrið? Ólafur verður fyrir svörum. „Við höfðum Dream center, sem eru samtök í Ameríku, sem dálitla fyrirmynd, þó það sé reyndar stórt og mikið batterí. Það sem vakti fyrir okkur með stofnun heimilisins var að draga úr þeirri neyð sem sumir fyrrverandi fíklar búa við. Þeir eru svo margir á götunni.“

„Við teljum að hér á Íslandi séu bestu meðferðir í heimi – á Vogi og víðar,“ segir Elín. „En svo vantar eftirfylgni þegar fólk hefur útskrifast þaðan og því er árangurinn ekki betri en hann er. Stundum hefur fólk engan stað til að fara á nema gamla neyslustaðinn. Þá er ekki von á góðu.“

Að mæta fólki af kærleika og hugsa um það sem manneskjur en ekki fíkla segir Ólafur vera númer eitt í þeirra starfi. „Aðalatriðið er að finna það besta í fólki og byggja upp sjálfstraust þess svo það átti sig á að það sé mikils virði og eigi rétt á mannsæmandi lífi, hvernig sem fortíðin er. Mikilvægast er að taka burtu dóminn. Við höfum ekki efni á að dæma og höfum fókuserað dálítið á þá vonlausu eins og þeir eru stundum kallaðir.“

„Sem hinar stofnanirnar eru búnar að gefast upp á,“ tekur Elín undir. „Það er enginn vonlaus, heldur þarf að taka utan um þessa einstaklinga og styrkja þá.“

Til að fá inni í Draumasetrinu þarf fólk að vera búið að vera edrú í tíu daga, að sögn Elínar. Þá daga verður það að koma þangað daglega, stimpla sig inn og sitja fundi.

### Fyrrverandi fíklar sjálf

Sjálf eru þau hjón bæði fyrrverandi fíklar. Ólafur segist hafa verið í mikilli neyslu í Svíþjóð í tíu ár, í Stokkhólmi og Uppsölum, en komið heim 2010, þá mjög illa farinn. „Ég gat varla gengið, var með taugaskemmdir víða og titraði og skalf, enda með sögu um þrjú hjartastopp á þremur árum. Mér var hjálpað af einstaklingi sem hafði sjálfur verið að berjast og ég er auðmjúkur og þakklátur fyrir að hafa öðlast lífið aftur.“

Elín leiddist snemma út í neyslu og missti tök á lífinu, að eigin sögn. „Ég hélt þetta væri unglingavandamál sem eltist af mér en það reyndist ekki rétt. Ég fór í fyrstu meðferðina 2006 og átti eftir að fara í nokkrar eftir það, þá síðustu 2009, svo nú er ég búin að vera edrú í sex og hálft ár. Ég fór í ráðgjafaskóla og útskrifaðist sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi og fékk strax mikinn áhuga á því starfi. Það hefur alltaf átt vel við mig að hjálpa öðrum. Við Ólafur kynntumst í kristilegu hjálparstarfi, vorum með súpugjöf fyrir útigangsmenn niðri í bæ. Svo fengum við tækifæri til að stofna þetta heimili og þar rættist stór draumur.“

En hvernig fer fólk sem er búið að vera í neyslu lengi að því að fjármagna svona setur? „Það var góður maður sem keypti húsið fyrir okkur. Hann heitir Örn Helgason og er pabbi minn,“ segir Elín.

„Já, Örn hefur reynst okkur rosalega vel,“ segir Ólafur. „Hann rekur húsaviðgerðarfyrirtæki og málningarfyrirtæki og lánaði okkur tæki, tól og mannskap en við unnum líka mikið sjálf við endurbæturnar á húsinu. „Já, ég kann orðið að múra, mála og smíða,“ segir Elín brosandi og segir þau stundum hafa verið að heilu sólarhringana. Sumt efni til framkvæmdanna segjast þau hafa fengið úr húsum sem verið var að rífa, annað hafi þeim verið gefið af fórnfúsum foreldrum stúlku sem bað um dvalarleyfi og einn aðalstuðningsmaður þeirra hafi verið í göngutúr fram hjá húsinu á páskum 2012 og það sem þar var verið að gera hafi snert hjarta hans.

> „Hingað kom maður sem hafði kveikt í sér og var deyjandi fyrir tveimur árum. Í dag býr hann með yndislegri konu, er kominn með flott starf og er alveg til fyrirmyndar.
>
> Ólafur Haukur Ólafsson

Hvunndagshetja
Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2016

„Við eigum aldrei peninga – en þeir koma til okkar. Fyrir utan einstaklinga hafa mörg góð fyrirtæki og félög styrkt okkur.“

Íbúarnir sem nú eru um 40 talsins greiða lága leigu, húsaleigubætur koma á móti svo húsið stendur undir sér sjálft að sögn Ólafs sem tekur fram að þau borgi Erni leigu svo hann eigi ekki að tapa á þeim. „Við viljum hafa allt á hreinu,“ áréttar Elín.

Þau segja 40 herbergi vera í húsinu, nokkur þeirra tveggja manna, og bjóða mér að labba um. Íbúð þeirra hjóna er á neðstu hæð en við höldum upp stigana. Stofur og eldhús eru á hverri hæð og á þeirri efstu myndarlegt herbergi fyrir morgunfundina, með stóru borði og útsýni úr gluggum út á sundin. Allt er hreint og snyrtilegt, að minnsta kosti í þessu sameiginlega rými, og þar hafa íbúarnir skyldum að gegna.

Hjónin segjast hvetja þá alla til að hafa eitthvað uppbyggilegt fyrir stafni og flestir þeirra séu í vinnu, skóla eða endurhæfingu. Þeir kaupi inn hver fyrir sig og eigi sína hillu í opnum skáp við eldhúsið. Ýmist elda þeir sjálfir eða með öðrum að sögn Elínar. „Hér eru matarklúbbar og stundum eldum við öll saman. Förum með dósapeninginn einu sinni í mánuði og kaupum í matinn fyrir hann,“ lýsir hún. „En fyrir stórhátíðir eins og nú er fram undan verðum við að sníkja mat hjá birgjum til að geta haft eitthvað gott á borðum fyrir fólkið.“

### Það eru verðlaun

Ekkert starfsfólk er í setrinu nema hjónin og þau þurfa að vinna annars staðar til að hafa í sig og á. Ólafur sem kokkur á BSÍ á morgnana, og Elín Arna á sambýli um kvöld og nætur. „Við erum samt mamma og pabbi hérna,“ segir Ólafur.

Þau eru þakklát fyrir verðlaunin frá Fréttablaðinu og þann hug sem að baki þeim býr, segjast finna mikla velvild frá fólki sem hafi verið hjá þeim. En útskrifast einhverjir frá Draumasetrinu? „Já, dvöl hér á að vera tímabundið úrræði og það er best ef hreyfing er á fólki en auðvitað er leigumarkaðurinn erfiður,“ segir Ólafur. Elín tekur undir það. „Þetta er áfangaheimili og við viljum að fólk noti dvölina hér sem áfanga til að komast út í þjóðfélagið og standa á eigin fótum. Fyrsti íbúinn sem kom hingað fór héðan fyrir mánuði. Eignaðist yndislega fjölskyldu og er kominn í íbúð.“

Ólafur nefnir fleiri falleg dæmi. „Hingað kom maður sem hafði kveikt í sér og var deyjandi fyrir tveimur árum. Í dag býr hann með yndislegri konu, er kominn með flott starf og er alveg til fyrirmyndar, og ein kona kom hingað í dag, hún bjó hjá okkur um tíma en er búin að finna hamingjuna, var að eignast barn og kom að sýna okkur það. Það eru verðlaun. Og að mæta frægasta róna bæjarins hér á ganginum, það eru líka verðlaun. Hann er flottur, búinn að vera edrú lengi.“

En verða þau hjón aldrei fyrir vonbrigðum? „Jú, margoft,“ viðurkennir Elín. „Ég tók mjög nærri mér fyrst ef einhver datt í það. En með tímanum lærir maður að taka því og í langflestum tilfellum kemur fólk til okkar aftur og nær bata, þó hitt sé líka til.“



GERIR KRAFTAVERK
FYRIR DAGLEGT BRAUÐ

Við nýtum áratuga reynslu okkar af samlokugerð til að töfra fram gómsæt salöt og hummus sem lyfta hversdagslegustu brauðsneiðum upp á æðra og ferskara tilvistarstig.

SÓMI
Ferskt á hverjum degi




565 6000 / SOMI.IS



Helgi í æfingasalnum hjá San Francisco Ballet þar sem hann ver ótöldum vinnustundum. MYND/ERIK TOMASSON

# Ísland er alltaf heim

Í vor kemur **Helgi Tómasson** með San Francisco Ballet heim til Íslands á Listahátíðina í Reykjavík. Ferill Helga er ævintýri líkastur allt frá fyrstu ballettsporunum á fjölum Þjóðleikhússins til þess að vera einn besti dansari sinnar kynslóðar og að koma San Francisco-ballettinum í fremstu röð í heiminum.


Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




Frá því unglingspilturinn Helgi Tómasson dansaði á fjölum Þjóðleikhússins á sjötta áratug síðustu aldar og heillaði hvern þann sem á horfði hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ferill Helga Tómassonar ballettdansara er ævintýri líkastur en í vor kemur Helgi á Listahátíðina í Reykjavík með sýningu San Francisco-ballettsins sem hann hefur veitt listræna forstöðu allt frá 1985. Helgi segir að hann muni nú enn vel þegar hann dansaði í Giselle með Ásdísi Magnúsdóttur á fjölum Þjóðleikhússins en hann hafi vissulega ekki órað fyrir þeirri framtíð sem beið hans.

### Gaman að dansa

„Mér fannst bara gaman að dansa og naut þess til fulls. En svo var það fyrir tilstilli Erik og Lisu Bidsted, sem stýrðu Þjóðleikhúsballettinum á þessum árum, að ég fór til Kaupmannahafnar fimmtán ára gamall og dansaði þar á sumrin í Pantomime-leikhúsinu í Tívolígarðinum. Ég dansaði þar í þrjú sumur en kom alltaf heim á veturna í skóla því þarna var bara sýnt frá maí og fram í miðjan september.

En svo kom Jerome Robbins til Íslands með sinn flokk, Ballet USA, og ég fékk að taka smá sýningarpróf svo hann gæti séð hvað ég gæti. Það fór svo að Robbins ráðlagði mér að fara til New York, kom mér að í besta skólanum og hafði auga með mér frá þessari stundu og í raun allan minn feril. Hann samdi til að mynda fyrir mig ballett þegar ég var hjá New York City Ballett og reyndist mér ákaflega vel. George Balanchine stýrði þeim flokki og ég var hjá honum sem aðaldansari í ein fimmtán ár en það var einmitt hann sem seinna meir hvatti mig til þess að gerast danshöfundur. Allt þetta fólk, allt frá Bidsted-hjónunum til þessara tveggja Bandaríkjamanna, hafði afskaplega mikil áhrif á minn feril og veitti mér mikla hvatningu.“

### Erfitt ævintýri

Að loknu námi við NYCB var Helgi ráðinn til The Joffrey Ballet en tveimur árum síðar gekk hann til liðs við The Harkness Ballet og á næstu sex árum varð hann einn rómaðasti aðaldansari þess flokks.

Árið 1969 tók Helgi þátt í alþjóðlegri ballettkeppni í Moskvu fyrir hönd Bandaríkjanna, sneri heim með silfurmedalíu í öðru sæti á eftir Mikhail Baryshnikov og var skömmu síða ráðinn til New York City Ballet sem aðaldansari. Þar átti Helgi glæstan feril í ein fimmtán ár og er af mörgum talinn einn allrabesti klassíski ballettdansari þess tíma. Helgi er ekki mikið fyrir að ræða eigin afrek en segir að aldrei hafi hann grunað að þessi framtíð ætti fyrir honum að liggja þegar hann var ungur drengur að stíga sín fyrstu ballettspor í Þjóðleikhúsinu.

„Nei, aldrei. Fyrstu árin sem ég var að fara í Tívolíið að dansa þá hafði ég bara gaman af þessu. Mér fannst gaman að dansa og geta farið til Danmerkur og verið þar. Þetta var bara gaman. Svo þegar ég fór til New York þá varð þetta miklu erfiðara en samt var það ævintýri að mörgu leyti. Það var þó mjög erfitt svona í byrjun en ég hélt áfram og þetta tókst vel. Svo gekk þetta alltaf betur og betur svo ég ákvað bara að halda áfram. Þetta var einfaldlega eitthvað sem ég þurfti að gera því sköpunarþörfin hefur alltaf verið sterk.“

### Heimaráðgjafinn

Að loknum glæstum ferli sem dansari, þegar Helgi var farinn að takast á við að semja ballettverk, var hann ráðinn til starfa hjá San Fransisco-ballettinum sem listrænn stjórnandi. „Þessi umskipti voru mikil breyting fyrir mig. Að vera skyndilega kominn með flokk með fjörutíu dönsurum sem allir litu til mín. Ég fann strax mikið fyrir þeirri ábyrgð og geri enn. Þegar ég kom var flokkurinn ágætur en ekkert í líkingu við það sem hann er núna. Stjórnarnefnd flokksins hafði þær hugmyndir, þegar ég var ráðinn til starfa, að koma flokknum í fremstu röð alþjóðlega en áður var þetta svona meira svæðisflokkur svo þetta fól í sér mikið verkefni og mikla ábyrgð. Þetta var óneitanlega mikil vinna en maður verður þá bara að sleppa einhverju öðru í staðinn. Það koma upp alls kyns mál sem þarf að leysa og ekkert annað í boði en hreinlega að ganga bara til verks.“

Helgi og eiginkona hans Marlene kynntust þegar þau voru bæði að dansa í New York og Helgi segir að það hafi reynst sér ómetanlegt hversu vel hún þekkir til í ballettheiminum. „Hún er með í þessu að því leyti að hún skilur svo vel hvað það er sem ég er að standa í og hún sér líka stundum það sem ég sé ekki alveg strax af því að ég er einfaldlega of nálægt því. Hún hefur verið minn ráðgjafi heima fyrir og það er alveg stórkostlegt að búa við þær aðstæður. Ég efast um að þetta hefði nokkurn tíma gengið hjá mér ef ég hefði ekki haft hana við hlið mér.“

### Þau eru minn leir

Ballettinn er dálítið sérstakur í veröld listanna og það þarf gríðarlegan sjálfsaga og oft fórnfýsi til þess að ➡

OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN UM PÁSKANA



**LAUGARDAGUR:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**PÁSKADAGUR:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**ANNAR Í PÁSKUM:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest**.
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland


Helgi og ungar dansmeyjar á fjölum Þjóðleikhússins. MYND FRÁ SAN FRANCISCO BALLET


Helgi um 1970 í uppfærslu Balanchine á Vienna Waltzes. MYND/MARTHA SWOPE

➡ ná langt og Helgi tekur undir það. „Já, ég verð að viðurkenna það. Þetta er mjög erfið listgrein og sem dansari er maður alltaf að hugsa um hvað maður geti lagt mikið á líkamann og hversu lengi. En svo er þetta allt öðruvísi þegar ég er að semja. Málari til að mynda getur málað þegar honum hentar, hvort sem það er snemma að morgni, seint að kvöldi eða um miðja nótt. Eins er það með þá sem semja tónlist, þeir geta frekar látið innblásturinn ráða för. En það get ég sem danshöfundur ekki því ég verð að nota aðra dansara og hafa þá fyrir framan mig til þess að koma því fram sem ég vil. Það er ekki hægt að skrifa niður heldur þarf ég að hafa þau fyrir framan mig. Dansararnir eru minn leir.“

Helgi er í toppformi þó svo hann sé hættur að dansa enda er hann enn að fást við kennslu. „Þegar ég er að kenna og semja þá þarf ég að sýna dönsurunum hvað ég vil fá þó svo ég geri það ekki alveg eins og ungir dansarar. En þau skilja líkamshreyfinguna og hvað ég er að reyna að fá þau til þess að gera. Þannig að ég er alltaf á fullum spretti,“ segir Helgi og hlær við tilhugsunina.

**Að breytast og þróast**

Helgi segir jafnframt að það hafi nánast í öllum hans dansverkum verið tónlistin sem kveikti dansinn. „Það er eitthvað sem hrífur mig og það er eins og ég verði að semja eitthvað við ákveðna tónlist. Það er einfaldlega eitthvað sem ég bara þarf að gera. Alveg sama hvort fólki líkar við það eða ekki. Það er allt annað,“ segir Helgi og hlær glettnislega. „En svona er þetta þegar maður er í listinni. Maður veit aldrei neitt. Maður leggur sjálfan sig fram algjörlega nakinn og svo er maður dæmdur eftir því. Það er alltaf jafn erfitt, alveg sama hvað maður er lengi í þessu. Það verður reyndar frekar erfiðara með tímanum. Því þú vilt ekki vera að gera alltaf það sama. Maður verður að breytast og þróast og enduruppgötva sig í því sem maður er að gera.

Þess vegna hef ég til að mynda einnig leitað fanga í nútímatónlist og hef ákaflega gaman af því. Þrátt fyrir það verð ég að segja að ég er alinn upp á þeim tíma að klassísk tónlist er alltaf það sem stendur mér næst og mér þykir vænst um og hef notað mest. En þegar ég fór út í það að nota nútímatónlist þá fór ég að túlka það í gegnum sporin þannig að það tekur á sig annan lit. Ég get ekki bara gert það sama og það kom ákveðið frelsi með því að nýta nútímatónlistina en ég er þjálfaður sem klassískur dansari – það er mín tækni. En ég reyni að breyta, teygja og móta á minn hátt, en það sem ég lærði sem drengur er auðvitað alltaf hluti af mér og því sem ég geri.“

**Heim til Íslands**

Helgi talar frábæra íslensku og það er ekki að heyra að hann hafi verið búsettur í Bandaríkjunum megnið af ævinni. Hann fer eilítið hjá sér þegar á það er minnst hversu góð íslenskan er og segir einfaldlega: „Þakka þér fyrir. Ég reyni. En það er líka þannig að þó svo ég sé búinn að vera búsettur í öll þessi ár í Bandaríkjunum þá segi ég að ég sé að koma heim til Íslands. Ísland er alltaf heim. Það á ekki eftir að breytast úr þessu því taugin er það sterk. Og nú er ég að koma heim í vor með dansflokkinn minn til þess að sýna á Listahátíð og ég hlakka mikið til þess.

Þegar ég ræddi þetta við Halldór í Hörpu eftir að þetta kom til, þá bað hann mig um að hafa efnisskrá sem væri í raun sambærileg við það sem ég færi með til New York, Parísar eða London og mér fannst það alveg sjálfsagt. Þessi verk sem við komum með hafa einmitt verið sýnd í þessum borgum og þetta er efnisskrá sem ég væri stoltur af að koma með hvert sem er í heiminum.

Ég er með einn ballett eftir sjálfan mig, tríó sem kallast Minningar frá Flórens og það er ákaflega falleg tónlist eftir Tsjajkovskí. Næst er svo ballett eftir Balanchine sem er kallaður Rubies og er hluti af ákaflega fallegu verki eftir hann sem hann kallaði Jewels eða gimsteinar. Þetta er miðkaflinn úr þeim ballett sem er sérstaklega vinsæll og tónlistin er eftir Stravinsky. Lokaballettinn er eftir ungan enskan danshöfund sem ég hef notað mikið hérna og heitir Christopher Wheeldon. Ballettinn hans heitir Within the Golden Hour með tónlist eftir Vivaldi. Þetta er mjög fallegur ballett og falleg tónlist og þetta eru skemmtilega ólík verk þó svo að ræturnar séu klassískar. Að auki þá kem ég líka með tvö verk, tvídans og þrídans, sem ég held að fólk eigi eftir að hafa mikla ánægju af. Þetta er fjölbreytt efnisskrá og þótt ég segi sjálfur frá þá eru þetta stórkostlegir dansarar.

En það er óneitanlega aðeins öðruvísi að koma með þessa sýningu til Íslands vegna þess að ég er að koma heim. Mér finnst stundum eins og fólk heima viti ekki alveg hvað það er sem ég geri, í hverju starf mitt er fólgið og mér finnst gott að geta komið og heim og sýnt það.“

**Þrjóskan reynst mér vel**

Helgi er stoltur af dönsurum SFB og segir að það sé honum mikilvægt að viðhalda góðu sambandi við sína dansara. „En það verður alltaf að vera ákveðið bil á milli okkar. Ég get ekki verið einn af þeim en þeir eru yfirleitt hjá mér í mjög langan tíma, sérstaklega aðaldansarar og sólóistar en það eru meiri breytingar á kórdönsurunum því þeim finnst oft að þeir geti ekki beðið lengi eftir því að gerast sólóistar og leita því annað. En ég hef yfirleitt haft mína dansara í nokkuð langan tíma og sá aðaldansari sem hefur verið lengst hjá mér hefur verið í tuttugu ár, en oft er það svona í kringum sextán til átján ár. Nú stendur fyrir dyrum nokkur endurnýjun þar sem nokkrir af þessum reyndustu dönsurum fara að hætta. Enda endast menn ekki endalaust í þessu og það kemur að því að þeir sem eru yngri geta gert hlutina betur.

Sjálfur sé ég fyrir mér að halda mínu starfi eitthvað áfram, kannski tvö eða þrjú ár enda er ég fyrir löngu orðinn háður þessu. Ég er alltaf að leita leiða til þess að gera betur. Þetta ár tókst frábærlega og þá þarf maður að vinna með pressuna – hún er alltaf þarna hvort sem mér líkar það betur eða verr. Ef þessi kraftur til að gera betur er ekki til staðar þá hef ég ekkert í þetta að gera.

Það er Íslendingurinn í mér. Við gefumst ekki upp svo auðveldlega. Það er þrjóskan sem kom mér í gegnum þetta – að gefast ekki upp. Ég hafði það frá móður minni en afi minn var sjómaður í Vík í Mýrdal og þetta var ekki auðvelt líf. Ég fann það sem drengur að þetta kom í gegnum mömmu, þetta kom í gegnum foreldrana. Lífið á þessum tíma, eða í gegnum aldirnar, var ekki auðvelt á Íslandi svoleiðis að þetta er í blóðinu að gefast ekki upp. Það hefur reynst mér vel.“





Helgi að stýra Lorena Feijoo á æfingu fyrir uppfærslu hans á Svanavatninu. MYNDIR/ERIK TOMASSON



MAÐUR LEGGUR SJÁLFAN SIG FRAM ALGJÖRLEGA NAKINN OG SVO ER MAÐUR DÆMDUR EFTIR ÞVÍ.


HVERNIG KEMUR ÞÚ UNDAN SÓLINNI!
AF HVERJU AÐ SÆTTA SIG VIÐ SÓLARSKEMMDIR OG ÓTÍMABÆRAR LITABREYTINGAR
VIÐ GETUM LAGAÐ ÁSTAND HÚÐARINNAR


PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

# FEITUR MATUR OG STERKUR ÖRVAR SÝRUFRAMLEIÐSLU MAGANS

**ICECARE kynnir** Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga á hættu að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina. Einar Ágúst, Hanne og Helga Linda mæla öll með Frutin-töflunum.

Ýmsar matvörur eða of stórir matarskammtar geta valdið útþenslu og örvað sýruframleiðslu magans. Við það myndast aukið álag á ákveðna vöðva þannig að magasýrurnar flæða upp í vélindað og valda brjóstsviða. Frutin töflurnar innihalda náttúrulegar trefjar sem geta komið í veg fyrir einkenni brjóstsviða.

### ENGINN UPPÞEMBA LENGUR

Einar Ágúst Einarsson smiður mælir með Frutin-töflunum en eftir að hann byrjaði að taka þær hálftíma fyrir svefn og mat finnur hann lítið sem ekkert fyrir óþægindum eða uppþembu. „Ég hafði verið með mikla uppþembu og brjóstsviða eftir mat í langan tíma. Þetta kom sérstaklega fyrir ef ég borðaði seint á kvöldin eða fékk mér gosdrykki eða bjór stuttu fyrir svefninn. Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin. Eftir að ég byrjaði að taka Frutin-töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur,“ segir Einar Ágúst ánægður.

### NÁTTÚRULEGAR TREFJAR

Hanne er ein þeirra sem hafa átt í stríði við magasýrurnar. „Ég á það til að borða of stóra matarskammta og elska fitugan mat og franskar kartöflur. Eftir að ég borðaði slíkan mat fékk ég brjóstsviða,“ segir Hanne. Það kom henni á óvart þegar hún heyrði að til væru töflur sem hægt er að tyggja og innihalda náttúrulegar trefjar úr appelsínum. „Frutin eru einu töflur sinnar tegundar sem innihalda þessar einstöku trefjar úr appelsínum. Trefjar sem eru svo sérstakar að þær mynda náttúrulega róandi froðu yfir efsta hluta magans sem hjálpar til við að hindra að magasýrurnar flæði upp í vélindað,“ segir Hanne. Töflurnar virkuðu strax á hana og nú er Hanne alltaf með töflurnar meðferðis.

> » Frutin-töflurnar innihalda náttúrulegar trefjar sem geta komið í veg fyrir einkenni brjóstsviða.




### FRUTIN ER FRÁBÆR LAUSN

Helga Linda Gunnarsdóttir hefur þurft að glíma við brjóstsviða undanfarin ár. „Ég var alltaf með lyf við brjóstsviðanum. Mér leið ekki vel og var komin í yfirþyngd.“ Hún ákvað að leita sér aðstoðar heilsuþerapista. „Hún lagði upp nýtt mataræði og það var eins og við manninn mælt, ég missti fljótlega mörg kíló og brjóstsviðinn lagaðist,“ segir Helga Linda. En þegar hún vill leyfa sér annað slagið eitthvað matarkyns sem hún veit að gæti leitt til brjóstsviða, svo sem vínglas eða súkkulaði, notast hún við Frutin-töflurnar. „Frutin vakti áhuga minn þar sem það er alveg náttúruleg vara en ekki tilbúið lyf. Ég fann fljótt að það virkar mjög vel á mig. Núna get ég stolist í að fá mér góðgæti án þess að sofna með brjóstsviða. Frutin er því frábær lausn fyrir mig,“ segir Helga Linda.


**Hanne er ánægð með Frutin-töflurnar.**

> Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin. Eftir að ég byrjaði að taka Frutin-töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur.
>
> Einar Ágúst Einarsson

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare



Njóttu þess að borða um páskana!

Tvö hylki af Prógastró fyrir stóra máltíð létta á meltingunni!

Vissir þú að Prógastró góðgerlarnir:
- stuðla að heilbrigðri þarmaflóru
- geta stuðlað að minnkuðu ummáli maga
- virka við hægðatregðu og niðurgangi
- vinna gegn candida- og sveppasýkingu




Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana



Pétur Örn Guðmundsson ætlar að slappa af um páskana en síðan tekur rokkið við í Hörpu um næstu helgi. Í maí fer hann í Eurovision með Gretu Salóme. MYND/STEFÁN

# TEKUR Á Í RÆKTINNI FYRIR ROKKVEISLU

**Pétur Örn Guðmundsson**, söngvari, gítar- og hljómborðsleikari, ætlar að eiga rólega páskahelgi. Hann segist hafa unnið allar helgar undanfarið og þess vegna sé páskafríið kærkomið. Dúndurfréttir troða síðan upp með rokki og róli í Eldborg á föstudag.

Pétur Örn var í ræktinni þegar við náðum sambandi við hann. „Maður þarf að hugsa um heilsuna. Líkamsræktin er afskaplega góð fyrir andlega og líkamlega heilsu og ég reyni að vera duglegur núna eftir smá hvíld,“ segir hann og bætir við að hann ætli að sleppa páskaegginu að þessu sinni. „Ég er samt alveg til í málshættina,“ bætir hann við. „Annars ætla ég að slaka á, hafa það gott og kíkja í foreldrahús. Maður gerir örugglega eitthvað vel við sig, ómögulegt að vita hvað mamma og pabbi bjóða upp á,“ segir hann glettinn. „Ég segi líklega ekki nei við súkkulaðiís eða góðri páskasteik. Maður verður að leyfa sér eitthvað. Það má ekki græta mömmu sína.“

### GLEÐI Á SNAPCHAT

Þegar Pétur er spurður hvort hann sé í einhvers konar aðhaldi, svarar hann því neitandi. „Ekki beint en þegar maður nær ákveðnum þroska áttar maður sig á mikilvægi þess að hreyfa sig. Það léttir andann, hugsunin verður skýrari og manni líður betur með sjálfan sig. Á yngri árum telur maður sig ódrepandi en áttar sig svo á að svo er ekki,“ segir hann. „Líkamsræktin hjálpar mikið í mínu starfi þar sem maður þarf alltaf að vera í góðu skapi, hress og kátur. Þá er ekkert betra en að hafa tekið á í ræktinni alla vikuna.“

En ert þú ekki alltaf í góðu skapi? „Jú, ég reyni það. Ef ég er eitthvað súr knúsa ég kettina mína tvo,“ svarar hann. „Þeir eru góðir vinir mínir.“ Pétur er með GRAMEDLAN á Snapchat þar sem aðdáendur geta fylgst með gleðinni í lífi hans. „Ég er kominn með marga fylgjendur og hef mjög gaman af því að setja gleðiskot inn á snappið,“ segir hann.

### ROKKAÐ Í ELDBORG

Föstudaginn 1. apríl verða Pétur Örn og félagar hans í Dúndurfréttum með spennandi tónleika í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikana kalla þeir „Classic Rock“ en hljómsveitin ætlar að taka þekkt lög Led Zeppelin, Pink Floyd, Deep Purple, Uriah Heep og fleiri þekktra banda. „Við höfum verið að æfa fyrir tónleikana og hlökkum mikið til þeirra. Við höfum verið með tónleika í Eldborg árlega undanfarin þrjú ár þar sem við höfum flutt lög með Pink Floyd en nú ætlum við að fara um víðan völl í rokkinu. Þetta verður bland í poka, veisla fyrir alla aðdáendur þessara hljómsveita. Mikill áhugi er á þessari tegund tónlistar og við höfum fengið jákvæð viðbrögð. Svo er þetta uppáhaldstónlistin okkar og það verður fjölbreytt lagaval. Ég get nefnt Carry On með Kansas sem var mjög vinsælt lag. Við tökum líka Another Brick in the Wall með Pink Floyd og svo Iron Maiden,“ útskýrir Pétur Örn.

> Maður verður að leyfa sér eitthvað. Það má ekki græta mömmu sína.

Pétur hefur séð nokkra meðlimi þessara hljómsveita í gegnum tíðina. „Ég sá Rogers Waters þegar hann kom hingað til lands, sömuleiðis Robert Plant. Hljómsveit föður míns, Mánar frá Selfossi, hitaði upp fyrir Deep Purple þegar þeir voru með tónleika hér á landi árið 2004. Ég spilaði þá með Mánum. Ég hef líka spilað með einum meðlima Uriah Heep þegar hann kom hingað 2007,“ segir hann.

### TVÍTUG Í FYRRA

Pétur og Matthías Matthíasson syngja báðir með hljómsveitinni Dúndurfréttum. Hljómsveitin byrjaði að spila á Gauk á stöng árið 1995 svo þeir félagar ná vel saman. Með þeim eru Ólafur Hólm Einarsson á trommum, Einar Þór Jóhannsson á gítar og Ingimundur Benjamín Óskarsson á bassa. „Við fórum hringferð um landið í fyrra í tilefni af 20 ára afmæli hljómsveitarinnar og það var frábært hversu vel okkur var tekið. Á þessum tónleikum fluttum við alls kyns tónlist sem við höfum flutt í gegnum árin. Við vorum alveg á fullu allt árið í fyrra en tókum okkur síðan hlé þangað til núna. Hin hljómsveitin mín, Buff, er hins vegar alltaf á fullu á árshátíðum, þorrablótum og þess háttar. Það er meiri danshljómsveit og alltaf í stuði. Svo geri ég þó nokkuð af því að troða upp einn með gítarinn. Það má því segja að ég sé skemmtikraftur í 100% vinnu,“ segir Pétur og bætir því við að það sé frábært að geta lifað á tónlistinni.

### EUROVISION Í SJÖUNDA SINN

Í maí heldur Pétur til Stokkhólms með Gretu Salóme. Hann er ein af fimm bakröddum í laginu. Þetta er í sjöunda skiptið sem Pétur fer með Eurovision-hóp svo hann þekkir vel hvernig allt gengur fyrir sig. Hann fór fyrst árið 2000 með Thelmu og Einari Ágústi en keppnin var einmitt líka í Stokkhólmi það ár. „Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að taka þátt í Eurovision og hlakka mikið til.“ Bakraddasöngvararnir sjást ekki á sviðinu að þessu sinni. „Það hefur oft tíðkast í keppninni að bakraddir sjáist ekki,“ segir Pétur og líst vel á þessa tilhögun. „Greta er mikil fagmanneskja svo ég hef engar áhyggjur af laginu. Maður veit þó aldrei hvernig stigin fara, enda eru þau eins og kattahjörð, alveg óútreiknanleg.“

elin@365.is




Róbert getur nú aftur notið útivistar af fullum krafti.

# LIÐAKTÍN HJÁLPAÐI MÉR AÐ LOSNA VIÐ STIRÐLEIKA OG VERK Í ÖXL

**Heilsa.is kynnir** Ansi margir lenda í talsverðum vandræðum með liði, bólguverki og gömul íþróttameiðsl. Aftrar það þeim jafnvel frá almennri hreyfingu og sér í lagi frá því að stunda áhugamál sín af krafti. Róbert Schmidt er einn þeirra en hann hefur nú fengið lausn á sínum vandamálum með hjálp Liðaktín Quatro frá Gula miðanum.

Róbert er mikill áhugamaður um útivist og nýtur þess sérstaklega að stunda kajakróður. Jafnframt hefur hann farið reglulega í sjóstangveiði. Stirðleiki í útlimum og þá sérstaklega verkur í annarri öxlinni hefur aftrað honum frá því að geta stundað útivist og veiði eins og hann er vanur. Fyrir um tveimur mánuðum byrjaði Róbert að taka inn Liðaktín frá Gula miðanum og finnur hann umtalsverðan mun. „Ég byrjaði að taka inn Liðaktín í fyrsta skiptið fyrir um tveimur mánuðum, eftir tvær vikur fann ég mun og mánuði eftir að ég byrjaði á Liðaktíni var verkurinn alveg farinn. Það var ótrúlega ánægjuleg tilfinning. Ég hvet því alla sem kjósa sér betri daga í leik og starfi að taka inn Liðaktín,“ segir Róbert.



> Eftir tvær vikur fann ég mun og mánuði eftir að ég byrjaði á Liðaktíni var verkurinn alveg farinn. Það var ótrúlega ánægjuleg tilfinning.
>
> Róbert Schmidt.

## LIÐAKTÍN QUATRO

Liðaktín Quatro frá Gula miðanum inniheldur fjögur virk efni sem vinna sérstaklega fyrir liði og stoðkerfi. Þar má nefna Rose hip og Omega 3. Hyaluronic sýru sem er eitt af meginefnum í liðvökva og gegnir mikilvægu hlutverki til að viðhalda seiglu og sveigjanleika í liðum og getur þannig byggt upp brjóskið aftur. Að ógleymdu kondroditín-súlfati sem hjálpar til að vernda gegn niðurbroti á brjóski.






Svo mikið meira til ...



Pils á 8.900 kr.
Einn litur
Stærð 36 - 46/50

Pils á 13.900 kr.
Einn litur
Stærð 34 - 48

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516 Kíkið á myndir og verð á Facebook

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki
innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
